

Eiríkur Rögnvaldsson

# Ritgerðasmíð

Reykjavík 2012

# Efnisyfirlit

1. Efni og heimildir .....	3
1.1 Markhópur og forþekking .....	3
1.2 Val og afmörkun efnis .....	4
1.3 Rannsóknarspurning .....	6
1.4 Heimildaleit .....	7
1.5 Efni safnað úr heimildum .....	8
2. Úrvinnsla og efnisskipan .....	10
2.1 Frá heimildum til ritgerðar .....	10
2.2 Upphaf – efnisyfirlit og formáli .....	11
2.3 Kaflaskipting .....	12
2.4 Inngangur .....	14
2.5 Bygging meginmáls – lokaorð .....	15
3. Heimildamat og tilvitnanir .....	18
3.1 Heimildamat .....	18
3.2 Heimildir og tími .....	20
3.3 Höfundaréttur – ritstuldur .....	23
3.4 Vísað í heimildir .....	25
4. Heimildavísanir og heimildaskrá .....	27
4.1 Form tilvitnana .....	27
4.2 Tilvísanir í texta .....	29
4.3 Heimildaskrá .....	32
5. Málsnið og málnotkun .....	35
5.1 Íslensk málstefna – rétt mál og rangt .....	35
5.2 Tilbrigði í máli – málsnið .....	36
5.3 Málsnið og framsetning .....	39
5.4 Einstök málfarsatriði .....	41
5.5 Erlend áhrif í þýðingum .....	43
6. Útlit, frágangur og yfirllestur .....	46
6.1 Efnisgreinar og málsgreinar .....	46
6.2 Notkun leturbreytinga og greinarmerkja .....	47
6.3 Handrita- og prófarkalestur .....	50

# 1. Efni og heimildir

## 1.1 Markhópur og forþekking

Áður en hafist er handa við ritgerðarskrif er nauðsynlegt að glöggva sig vel á því hverjum ritgerðin er ætluð. Þótt um skólaritgerð sé að ræða má alls ekki hugsa sér að maður sé að skrifa ritgerð fyrir kennarann. Þess í stað þurfum við að hugsa okkur að við séum að skrifa ritgerð sem eigi að ná til einhvers tiltekins hóps, og vera lesin vegna verðleika sinna, en ekki bara til að gefa höfundu einhverja einkunn. Við verðum því að leggja vandlega niður fyrir okkur til hvaða hóps við ætlum að ná, og miða efnisval, efnistöð og málsnið við það. Við þurfum líka að hafa í huga að við viljum að ritgerðin hafi áhrif; fái lesandann til að skipta um skoðun, hugsa eitthvað upp á nýtt, fá áhuga á tilteknu efni, o.s.frv. Þess vegna þarf framsetning og efnismeðferð að vera áhugavekjandi og „lesendavæn“ ef svo má segja.

Eitt það fyrsta sem nauðsynlegt er að ákvarða er líkleg forþekking viðtakanda. Í ritgerðum um fræðileg efni, þar sem notuð eru hugtök sem ekki eru hluti af daglegum orðaforða venjulegs máls, er oft erfitt að meta þetta. Á t.d. að skýra **frumlag** í málfræðiritgerð, eða **sjónarhorn** í bókmenntaritgerð? Þetta verður m.a. að skoða út frá þeim vettvangi þar sem ritgerðin á að birtast. Það skiptir auðvitað máli hvort er verið að skrifa málfræðigreinin í *Fréttablaðið*, sem hálf þjóðin les (eða á a.m.k. kost á að lesa), *Skímu*, tímarit móðurmálskennara, þar sem lesendurnir hafa flestir eitthvert inngrip í málfræði en litla sérmenntun, eða í *Íslenskt mál* sem hefur 3-400 áskrifendur sem flestir hafa annaðhvort málfræðimenntun eða eru sérstakir áhugamenn um efnið, sem gera má ráð fyrir að séu tilbúnir að leggja töluvert á sig til skilnings.

En jafnvel þótt vettvangurinn hjálpi manni til að ákveða efnistöð að þessu leyti dugir það ekki. Við viljum auðvitað ná til sem allra flestra. Þótt greinin í *Fréttablaðinu* sé e.t.v. einkum ætluð almenningi viljum við ekki fæla málfræðingana frá að lesa hana; og þótt greinin í *Íslensku máli* sé aðallega ætluð sérfræðingum viljum við ekki að aðrir sem kynnu að rekast á hana hrökklist umsvifalaust frá. Þess vegna er oft æskilegast að koma ýmiss konar grundvallarfróðleik þannig fyrir að hann nýtist þeim sem á þurfa að halda, en þvælist ekki fyrir þeim sem eru með allt á hreinu fyrir. En þetta er auðvitað auðveldara en að segja það.

Hér skiptir auðvitað máli hversu langa ritsmíð við erum að semja. Í bókum og lengri ritgerðum er algengt að talsverðu rými, iðulega heilum kafla, sé varið til að gera grein fyrir fræðilegum forsendum höfundarins. Þar getur höfundur átt von á fjölbreyttum lesendahóp, og vill þess vegna reyna að tryggja sem best að allir geti fylgt röksemdafærslu hans. Þeir sem eru vel kunnugir fræðilegum forsendum höfundarins geta þá hlaupið yfir slíkan kafla, og stundum bendir höfundur á þann möguleika í formála eða inngangi. Við getum tekið sem dæmi MA-ritgerð Þorsteins G. Indriðasonar, *Regluvirkni í orðasafni og utan þess. Um lexíkalska hljóðkerfisfræði íslensku*. Þar er höfundur að beita ákveðnu kenningakerfi á íslenska hljóðkerfisfræði, og þar sem gera má ráð fyrir að lesendur séu miskunnugir þeim kenningum semur höfundur kafla sem kemur næst á eftir inngangi og heitir „Helstu þættir lexíkalskrar hljóðkerfisfræði“. Þessi kafla er um þriðjungur af lesmáli ritgerðarinnar. Það er kannski í lengsta lagi, en þó alls ekki einsdæmi.

Ef verið er að skrifa grein í fræðilegt tímarit gegnir allt öðru máli. Þar getur höfundur ekki leyft sér slíkan lúxus, heldur verður að gefa sér að lesendur séu nokkurn veginn með á nótunum. Slíkum greinum er yfirleitt beint til tiltölulega skýrt afmarkaðs lesendahóps, sem höfundur veit hvar hann hefur. Þá lætur höfundur sér nægja að skýra það sem hann hefur sjálfur til málanna að leggja, en eyðir ekki tíma í að sjá lesendum fyrir fræðilegum grundvelli til að standa á. Þetta leiðir auðvitað til þess að fræðileg tímarit eru oft mjög torlesin fyrir aðra en þá sem eru innvígðir í viðkomandi fræðigrein. Það hljómar kannski undarlegra að það sé auðveldara að lesa heila bók um tiltekið fræðilegt efni en eina stutta tímaritsgrein, en þannig er það samt oft af framangreindum ástæðum.

## 1.2 Val og afmörkun efnis

Það er auðvitað hægara sagt en gert að velja sér efni í ritgerð. Við efnisvalið verður að hafa hliðsjón af ýmsum þáttum, s.s. eðli og lengd ritgerðarinnar; kunnáttu og hæfileikum höfundar; hversu auðvelt er að nálgast heimildir um efnið; o.fl. Þegar um námsritgerðir er að ræða, sem skrifaðar eru undir leiðsögn kennara, er það auðvitað hlutverk kennarans að leiðbeina nemendum og sjá til þess að þeir reisi sér ekki hurðarás um öxl í efnisvali. Í venjulegum námskeiðsritgerðum og BA-ritgerðum er hægt að krefjast þess að kennarinn hafi þá yfirsýn yfir efnið að hann geti metið af sæmilegu öryggi hvort það henti í ritgerð af því tagi sem um ræðir. Þegar lengra kemur í námi eru ritgerðir orðnar það frumleg verk og fara inn á það lítt kannaðar slóðir að búast má við því að kennarinn geti ekki ævinlega áttað sig á því fyrirfram hvort efnið henti.

Efni sem hentar í 6-8 síðna námskeiðsritgerð þarf vitaskuld ekki að henta í BA-ritgerð, og öfugt. Hins vegar er auðvitað ekki þar með sagt að efnið ráði alltaf algerlega lengd ritgerðarinnar. Vissulega er hægt að skrifa mislangar ritgerðir um sama efni, með því að afmarka það á mismunandi hátt, fara mishratt yfir sögu, fara mislangt út í smáatriði o.s.frv. Það ber þó að varast að stytta eða lengja ritgerðir til þess eins að koma þeim niður eða upp í ákveðinn blaðsíðufjölda, án þess að hugsa byggingu þeirra og afmörkun upp á nýtt í leiðinni. Ef hægt er að bæta einhverjum efnisþætti við, eða fella út, án þess að breyta jafnframt efnisafmörkun ritgerðarinnar bendir það til þess að hún hafi ekki verið nógu vönduð í upphafi.

Augljóst er að nemandi á fyrsta ári í íslensku hlýtur að velja sér annars konar efni en nemandi sem er að hefja ritun BA-ritgerðar. Sá síðarnefndi hefur væntanlega bæði fengið góða undirstöðumenntun sem gerir honum kleift að takast á við efni sem hann hefði alls ekki getað skrifað um á fyrsta ári. Þar er bæði um að ræða þekkingu á íslensku máli og bókmenntum að fornu og nýju, og einnig þjálfun í notkun ýmissa fræðikenninga og hugtaka. Auk þess hefur nemandinn vonandi fengið þjálfun í ritgerðasmíð þannig að hann getur tekið efnið öðrum og fræðilegri tókum en mögulegt hefði verið fyrir hann í upphafi náms. Ritgerðir nemenda á fyrsta ári hljóta því annaðhvort að fjalla um mjög afmörkuð atriði, eða verða nokkuð yfirborðskenndar.

Efnisvalið mótast líka af því hvort unnt sé að afla sæmilegra heimilda, án þess að í það fari of mikill tími miðað við eðli ritgerðarinnar. Hér skiptir auðvitað meginmáli hvers eðlis ritgerðin er. Í námskeiðsritgerðum er yfirleitt ekki gert ráð fyrir því að nemandur komi með

nýjar uppgötvanir, heldur er þar fyrst og fremst verið að kanna hvort þeir hafi kynnt sér tiltekið efni og geti unnið úr því á skilmerkilegan hátt. Þá er í raun miðað við að allar nauðsynlegar heimildir séu tiltækar, og lítill tími fari í að afla þeirra. Í MA-ritgerð eða doktorsritgerð er aftur á móti búist við einhverju frumlegu; að höfundur annaðhvort dragi fram nýja þekkingu eða túlki það sem áður var vitað á nýstárlegan hátt, nema hvorttveggja sé. Þar má búast við að mjög mikill tími geti farið í heimildaöflun og úrvinnslu, og oft útilokað að meta þann tíma fyrirfram.

Við skulum taka dæmi af nemanda sem hefur áhuga á íslenskri málsögu, og langar til að skrifa BA-ritgerð um málbreytingar í íslensku á 15. öld. Kennari myndi sennilega ekki fallast á það efni; ekki vegna þess að það sé ekki forvitnilegt í sjálfu sér, heldur vegna þess að heimildir um þetta tímabil eru svo fáskrúðugar að BA-ritgerð um það yrði hvorki fugl né fiskur. Einnig má taka dæmi af nemanda sem vildi skrifa um áhrif herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli á íslenskt mál. Kennarinn myndi sennilega ráða nemandanum eindregið frá að velja það efni; ekki vegna þess að heimildir skorti í sjálfu sér, heldur vegna þess að það er ákaflega erfitt að festa hendur á viðfangsefninu.

En þóttúið sé að velja efnið er ekki þar með sagt að það val sé endanlegt. Oft kemur í ljós þegar vinnan er komin áleiðis að efnið er annaðhvort of þröngt eða of vítt – oftast reyndar hið síðarnefnda. Við því verður þá að bregðast á einhvern hátt. Yfirleitt er skynsamlegt að hugsa fyrir því strax í byrjun hvernig hægt væri að breyta afmörkun efnisins, ef það reynist of þröngt eða of vítt. Þetta er m.a. hægt að gera með því að vinna fyrst að þeim efnisþáttum sem hljóta alltaf að verða með, en hafa jafnframt í huga aðra sem hægt er að bæta við eða fella brott, ef ástæða er til. Munið samt, eins og áður er nefnt, að efnisafmörkunin verður að vera í samræmi við það hvernig ritgerðin verður að lokum. Ef eitthvað er felld brott sem átti að vera með, eða einhverju bætt við sem ekki var gert ráð fyrir í upphafi, þarf að hugsa efnisafmörkunina upp á nýtt og skrifa inngang með tilliti til þess.

Ég get nefnt að þegar ég var að skrifa kandidategundritgerð í íslenskri málfræði átti hún í upphafi að fjalla um íslenska orðaröð. Það gerir hún líka, en þó ekki nema sum afbrigði orðaraðar; það kom í ljós þegar ég fór að skrifa ritgerðina að efnið var alltof vítt og engin leið að ná utan um það allt. Þegar ég var kominn að þeirri niðurstöðu að ég þyrfti að þrengja efnið var meginvandinn að finna nýja afmörkun. Það skiptir nefnilega miklu máli að afmörkunin sé rökleg; að ekki virðist tilviljanakennt hvað tekið er með og hverju sleppt. Hin endanlega afmörkun þýddi að ég þyrfti að sleppa nokkrum köflum sem ég var búinn að skrifa. Slíkt er alltaf erfitt, en það má alls ekki hika við að gera það ef heildin krefst þess. Í ritgerð skiptir heildin meira máli en einstakar snjallar hugmyndir sem ekki falla inn í hana.

Efnisafmörkun getur auðvitað breyst af ýmsum öðrum ástæðum en þeirri að upphaflegt efni sé of vítt eða of þröngt. Oft er það svo að maður sökkvir sér niður í einhvern efnisþátt og finnst hann mun áhugaverðari og feitara á stykkinu en maður hafði ímyndað sér fyrirfram. Það getur leitt til þess að maður vilji gera þann þátt að burðarás ritgerðarinnar, enda þótt sú hafi ekki verið ætlunin í upphafi. Eins getur verið að heimildir um tiltekinn efnisþátt reynist rýrari en talið var í upphafi, þannig að sá þáttur geti ekki borið uppi ritgerðina. Þá má reyna að velja annan efnisþátt eða annað sjónarhorn til að ganga út frá.

Við slíka breytingu á efnisafmörkun er að sjálfsögðu ekkert að athuga; hún er bæði eðli-  
leg og sjálfsögð. Enn verður samt að minna á að hún krefst þess að efnið sé hugsað í heild  
upp á nýtt. Eins og minnst hefur verið á áður er gott að gera sem nákvæmast efnisyfirlit í  
upphafi, og breyta því síðan eins oft og þörf krefur. Ef upphaflegt efnisyfirlit helst óbreytt  
allan ritunartímann er ástæða til að hugsa sinn gang. Það er ótrúlegt að höfundur hafi haft svo  
góða yfirsýn fyrirfram að hann hafi getað séð fyrir endanlega formgerð ritgerðarinnar í smá-  
atriðum. Hitt er líklegra að hann hafi fylgt fyrsta efnisyfirliti sínu í blindni og látið það stjórna  
byggingu ritgerðarinnar. Það eru ekki rétt vinnubrögð.

Áður en skilið er við þessa umræðu um efnisval er rétt að nefna það að oft vilja menn fá  
eitthvert áhugavert og spennandi efni til að skrifa um. Vissulega má ekki vanmeta slíkar  
óskir. Hins vegar er rétt að hafa í huga að það eru ekki endilega tiltekin efni sem eru spenn-  
andi eða óspennandi í sjálfu sér; málið snýst oft miklu fremur um efnistöð og sjónarhorn. Ef  
maður sökkrir sér ofan í eitthvert efni, finnur á því réttan flöt og vinnur samviskusamlega úr  
heimildum um það, verður það oftast nær spennandi þótt svo líti ekki út fyrir í fyrstu. En jafn-  
vel mest spennandi efni verða einhvern tíma leiðigjörn og höfundur fyllist vonleysi. Hér  
gildir þolinmæði og þrautseigja. Það er óskaplega þægileg tilfinning þegar allir endar eru að  
smella saman í langri ritgerð, þar sem maður sá ekki til lands lengi vel.

### 1.3 Rannsóknarspurning

Í upphafi þarf ritgerðarhöfundur að gera sér glögga hugmynd um efnið, og átta sig á því hvað  
það er sem ritgerðin á að fjalla um. Þegar um fræðilegar ritgerðir er að ræða byggjast þær oft  
á einni svokallaðri **rannsóknarspurningu**. Þetta er lykilsurning ritgerðarinnar, þungamiðja  
hennar, og því skiptir miklu máli hvernig hún er.

Hvers eðlis eru rannsóknarspurningar? Það er erfitt að gefa einfalt svar við því, en  
meginatriðið er að rannsóknarspurning verður að skipta máli. Höfundur verður að hafa áhuga  
á að svara henni, og lesendur þurfa að hafa áhuga á að vita svarið. Þess vegna er mikilvægt að  
velta því vel fyrir sér hvers spyrja skuli. Spurningin er oft mikilvægari en svarið. Athugið að  
þótt hér sé talað um rannsóknarspurningu er ekki þar með sagt að heiti ritgerðar þurfi endi-  
lega að vera spurning. Rannsóknarspurningin sjálf þarf ekki einu sinni að vera orðuð nokkurs  
staðar í ritgerðinni. Það sem skiptir máli er að hún stýri vinnu höfundarins, og lesendur átti  
sig á því um hvað er verið að fjalla.

Auðvitað eru fræðiritgerðir oft annars eðlis. Hugsum okkur t.d. ritgerð sem heitir *Ævi og  
verk Steins Steinarr*. Það er augljóst að slík ritgerð er ekki byggð upp kringum eina spurn-  
ingu, heldur er markmið hennar að rekja æviferil Steins eftir tiltækum heimildum og fjalla um  
verk hans; segja frá þeim helstu og e.t.v. greina einhver ljóð. Það má því búast við að slík rit-  
gerð verði mjög útleitin, og getur orðið sundurlaus ef ekki er gætt vel að. Við getum hins  
vegar hugsað okkur spurningu eins og *Hvaða áhrif höfðu sósíalískar skoðanir Steins Steinarr  
á kveðskap hans?* Þar erum við komin með spurningu sem við þurfum að leita svara við, eftir  
ákveðnum reglum; við finnum viðeigandi heimildir og túlkum þær. Slík ritgerð ætti að verða  
mun hnitmiðaðri en hin, því að þar er ekkert tekið með sem ekki varðar beinlínis spurn-  
inguna.

Áður en höfundur fer af stað með efnið er æskilegt að hann hafi eitthvert svar við rannsóknarspurningunni í huga. Sumum finnst hér farið aftan að efninu, og telja að höfundur eigi einmitt ekki að hafa neitt svar í huga fyrr en rannsókninni er lokið. Að öðrum kosti sé hætta á að hann sé fyrirfram búinn að gefa sér svarið og líti því ekki hlutlaust á röksemdir málsins. En þetta er misskilningur. Oft er það svo að manni finnst einhver spurning áhugaverð vegna þess að maður hefur grun um hvert svarið við henni sé; en hefur hins vegar ekki rök fyrir því svari. Góðar ritgerðir byggjast oft á snjöllum hugmyndum, sem eru þá svarið, en samningin felst þá í því að orða spurninguna og færa rök að svarinu; sýna fram á að hugmyndin gangi upp. Auðvitað getur þetta farið á annan veg; sumar hugmyndir sem í upphafi virtust góðar virðast við nánari athugun ekki standast. En það þarf ekki að eyðileggja ritgerðina. Eftir sem áður er hægt að leggja upp með hugmyndina sem tilgátu, og vinna út frá henni, enda þótt lokaniðurstaðan verði sú að upphaflega tilgátan hafi verið röng.

## 1.4 Heimildaleit

Þegar ritgerðarefni hefur verið valið er næst að afla heimilda. Í byrjun getur verið ágætt að athuga hvort til sé einhver yfirlitsgrein um það svið sem ykkar ritgerð er á. Slíkar greinar geta hjálpað manni til að átta sig, setja efnið í víðara samhengi, og auk þess er þar oft að finna tilvísanir í aðrar heimildir.

Við heimildaleit má beita ýmsum aðferðum. Í fyrsta lagi má leita í skráum bókasafna, s.s. [Gegni](#). Í öðru lagi er nauðsynlegt að skoða vel heimildaskrár og atriðisorðaskrár þeirra bóka og greina sem maður les um efnið. Þar er oft að finna heimildir sem maður rækist auðveldlega á með öðru móti. Í þriðja lagi er hægt að leita í margs konar prentuðum ritaskráum, t.d. BONIS, efnisskrám tímarita, bókmenntaskrá *Skírnis* o.s.frv. Í fjórða lagi er hægt að leita í ýmiss konar gagnasöfnum á netinu, bæði almennum og sérhæfðum. Í fimmta lagi er svo hægt að nota leitarvél eins og [Google](#) til að leita heimilda á netinu. Efni á netinu eykst dag frá degi, og því skipta tvær síðastnefndu tegundir heimildaleitar sífellt meira máli.

[Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn](#) er að sjálfsögðu það safn sem er aðgengi-legast og notadrýgst, enda langstærsta bókasafn landsins. Þess vegna er mikilvægt að þekkja bókakost þess vel. Það er nauðsynlegt að ganga meðfram hillum sem hafa að geyma bókakost á áhugasviði manns, skoða hvað er til, taka bækur út úr hillum og fletta þeim. Allir þurfa líka að hafa nasasjón af [Dewey-flokkunarkerfinu](#) sem bækur safnsins og annarra rannsóknar-bókasafna eru flokkaðar eftir. Vitanlega þurfa menn svo að þekkja vel þær aðferðir sem hægt er að beita við leit í ritakosti safnsins, einkum gagnasafnið [Gegni](#), sem tekur einnig til annarra rannsóknarbókasafna á landinu. Þarna er að sjálfsögðu hægt að leita eftir höfundum og titlum, en einnig er hægt að leita að efnisorðum og þá koma fram bæði orð í titlum rita og efnisorð sem ritunum hafa verið gefin. Einnig er hægt að leita eftir flokkstölum, sem getur verið gagnlegt þegar leitað er að ritum um sérhæfð efni.

Rafrænum gagnasöfnum þar sem hægt er að lesa heildartexta bóka og greina fer ört fjölgandi. Á Íslandi er svonefndur landsaðgangur að miklum fjölda erlendra tímarita, og önnur eru aðgengileg þeim sem eru tengdir tölvuneti Háskóla Íslands. Hægt er að komast í öll þessi tímarit og ýmis önnur gagnasöfn á síðunni [leitir.is](#). Flest íslensk blöð og tímarit frá upp-

hafi eru aftur á móti aðgengileg á síðunni [timarit.is](http://timarit.is) og þar er hægt að leita í texta þeirra. Á [skemman.is](http://skemman.is) er hægt að komast í námsritgerðir sem skrifaðar hafa verið við Háskóla Íslands undanfarin ár. Að lokum má nefna Google Books, [books.google.com](http://books.google.com), þar sem er að finna heildartexta gífurlegra margra bóka um fjölbreytt efni og frá ýmsum löndum og tímum. Að vísu er oft ekki birtur nema hluti nýrri bóka vegna höfundarréttarmála.

Langfljótlegasta og þægilegasta aðferðin til að finna heimildir um hvaðeina nú á dögum er að nota leitarvélur á netinu – einkum [Google](http://Google), þótt ýmsar fleiri komi til greina. Í fræðilegri vinnu má þó alls ekki láta það duga. Þótt efnismagnið á netinu sé gífurlegt er líka margt sem er þar ekki, og hætt við að einfaldar leitarniðurstöður gefi mjög ófullkomna mynd. Athugið líka að því fer fjarri að leitarvélarnar fínkemi netið; engin þeirra nær til nema hluta af því sem þar er að finna.

Nauðsynlegt er að kynna sér vel leitarvélum og leitarvélum sem í boði eru. Vegna hins gífurlega upplýsingamagns á vefnum er oft þörf á að takmarka leitina, t.d. leita að síðum þar sem tvö (eða fleiri) orð koma fyrir nálægt hvort (hvert) öðru, síðum sem breytt hefur verið fyrir eða eftir ákveðinn dag, o.s.frv.

Annar möguleiki er að finna vefsíður ákveðinna stofnana eða einstaklinga þar sem hugsanlegt er að finna megi gögn um það sem leitað er að. Sumar leitarvélarnar, t.d. [Google](http://Google), bjóða upp á efnisflokkun. Þannig má t.d. skoða heimasíður háskóla eða rannsóknastofnana á ákveðnum sviðum til að athuga hvort þar sé eitthvað gagnlegt að hafa.

## 1.5 Efni safnað úr heimildum

Það er nauðsynlegt að tileinka sér ýmiss konar tækni við lestur og úrvinnslu heimilda. Oft, jafnvel oftast, er það svo að þótt maður sé með heila bók um tiltekið efni sem heimild skiptir aðeins lítið brot hennar máli fyrir það sem maður er sjálfur að fjalla um. Vandinn er þá að finna þau efnisatriði sem mann varðar um. Fyrsta skrefið er auðvitað að skoða efnisyfirlit bókarinnar vandlega; það ætti að gefa einhverjar leiðbeiningar. Næst er að athuga hvort bókin hefur ekki að geyma nafna- og/eða atriðisorðaskrá, eins og öll fræðirit eiga helst að hafa, og ýmis önnur rit hafa líka. Í slíkum skráum er vísað í blaðsíður (stundum þó í efnisgreinar eða kafla) þar sem tiltekið orð eða hugtak er til umræðu, og það getur auðvitað flýtt mjög fyrir.

Séu slíkar skráir ekki fyrir hendi, t.d. í tímaritsgreinum (og reyndar mörgum bókum líka) verður að beita öðrum aðferðum. Nákvæmast er auðvitað að lesa heimildina frá orði til orðs, en slíkt er tímafrekt og skilar oft litlu, þótt það fari vitaskuld eftir því hversu náið heimildin tengist því efni sem maður er að fjalla um. Því skiptir máli að tileinka sér tækni við yfirlits- og leitarlestur; geta rennt augum yfir síðurnar án þess að lesa þær frá orði til orðs, en samt nógu nákvæmlega til að finna tiltekin orð eða efnisatriði sem leitað er að. Þetta krefst þjálfunar og einbeitingar, en fyrir þá sem ætla að leggja stund á fræðimennsku er þetta nauðsynlegur hæfileiki.

Nú á dögum eru mjög margar heimildir, bæði bækur og tímaritsgreinar, aðgengilegar á rafrænu formi, bæði til lestrar og leitar. Aðstæður til leitar að einstökum efnisatriðum eru þar vitanlega allt aðrar – að sjálfsgöðu er margfalt fljótlegra að leita í heimildunum með því að slá inn eitt eða fleiri leitarorð en þurfa að renna augum yfir tugi eða hundruð blaðsíðna. Þó



verður að hafa í huga að hættan við að geta farið beint á staðinn sem leitað er að er sú að hlutir séu slitnir úr samhengi – við túlkum efnisatriðið sem við finnum án þess að hafa hliðsjón af textanum í kring. Ef við rennum augum yfir allan textann fáum við hins vegar einhverja tilfinningu fyrir heildinni og áttum okkur á því samhengi sem atriðið stendur í.

Grundvallarrit verður auðvitað að lesa frá orði til orðs, eða því sem næst. Sá sem ætlar að skrifa um íslenskt hljóðkerfi á 12. öld kemst ekki hjá að lesa *Fyrstu málfræðiritgerðina*, frekar en sá sem ætlar að skrifa um íslenskar bókmenntir í fornöld kemst hjá að lesa *Brennu-Njáls sögu*. Og auðvitað er almennt séð æskilegt að kynna sér sem mestar og fjölbreyttastar heimildir, enda þótt þær virðist í fljótu bragði ekki skipta máli fyrir viðfangsefni manns. Nýjar hugmyndir og ný þekking skapast einmitt oft við óvæntar tengingar; þegar maður sér samband, hliðstæður, andstæður, samspil o.s.frv. einhverra atriða sem fyrirfram virðast ótengd. Þess vegna er „frjáls lestur“ mjög mikilvægur; en til hans gefst ekki alltaf ótakmarkaður tími, og því er líka nauðsynlegt að kunna að stytta sér leið.

## 2. Úrvinnsla og efnisskipan

### 2.1 Frá heimildum til ritgerðar

Áður var því lýst hvernig hægt er að leita heimilda; en það er til lítils að finna heimildirnar ef maður kann ekki að vinna úr þeim. Hvað á að gera ef maður er kominn með 5 bækur og 10 greinar um viðfangsefnið á skrifborðið eða í tölvuna? Lesa öll ritin hvert á eftir öðru, setjast svo niður fyrir framan tölvuna og skrifa ritgerðina í einni lotu? Varla – slík vinnubrögð krefjast þess að ritgerðarhöfundur muni allt sem hann les og geti túlkað og skipulagt í kollinum á sér og sett það síðan beint á blað. Þótt slíkt sé ekki útilokað í mjög stuttum ritgerðum er ansi hætt við að ýmislegt færi forgörðum við vinnubrögð af þessu tagi.

Í flestum tilvikum er því nauðsynlegt að búa til millistig milli heimildanna sjálfra og ritgerðarinnar. Slíkt millistig er einhvers konar safn minnisatriða sem tekin eru upp úr heimildunum um leið og þær eru lesnar. Best er að slá þessi efnisatriði beint inn á tölvu, en ýmsir möguleikar eru á tilhögun þess innsláttar. Einfaldast er að slá beint inn í ritvinnslukerfi, en einnig er hægt að nýta sér ýmiss konar einföld gagnasafnskerfi. Um það verður að fara eftir áhuga og kunnáttu hvers og eins. Meginatriðið er að þegar efnisatriðin eru komin inn í tölvu á að vera auðvelt að leita í þeim; en einnig verður að vera hægt að fá góða yfirsýn yfir það sem tekið hefur verið upp.

Nú á dögum er verulegur hluti þeirra heimilda sem notaðar eru rafrænn – bækur, tímaritsgreinar og vefsíður. Það er oftast mjög auðvelt og þægilegt að taka efnisatriði úr slíkum heimildum með því að afrita textabúta og líma inn í ritvinnsluskjal eða gagnasafnskerfi, í stað þess að slá textann inn. En þetta vinnulag getur þó verið varasamt. Í fyrsta lagi hættir manni til að taka of mikið upp úr heimildinni, vegna þess hversu auðvelt það er, í stað þess að leggja vinnu í að meta vandlega hverju maður þurfi í raun og veru á að halda. Þetta þýðir þá að úrvinnslunni er frestað – í stað þess að hún eigi sér stað þegar efnisatriði eru valin úr heimildinni verður hún að fara fram síðar, þegar ritgerðin er skrifuð út frá minnispunktum. Í öðru lagi freistast maður til þess að líma heilar málsgreinar og jafnvel lengri textabúta úr heimildinni beint inn í ritgerðina sína, í stað þess að skrifa textann sjálfur með eigin orðum. Þetta ber vott um ósjálfstæði ritgerðarhöfundar gagnvart heimildinni, og getur auk þess flokkast undir ritstuld ef of mikið er gert af því eða ekki vitnað til heimildarinnar á fullnægjandi hátt.

Næst er að huga að nýtingu þeirra heimilda sem safnað hefur verið. Það er til lítils að vera búinn að lesa ýmsar heimildir og skrifa upp úr þeim ef maður veit ekkert hvernig á að nýta efniviðinn. Ein aðferð sem ég held að geti gefist vel er að byrja á að renna til upprifjunar yfir það sem skrifað hefur verið upp, og skoða það í samhengi við efnisyfirlitið og/eða efnisgrindina sem gerð hafði verið í upphafi. Þá áttar maður sig e.t.v. á því hvort hugmyndir manns um byggingu og efnisskipan ritgerðarinnar hafa tekið einhverjum breytingum, hvort heimildir hafa fundist um alla helstu efnisþætti sem gert var ráð fyrir, o.s.frv. Iðulega er til efni til að endurskoða efnisyfirlitið á þessu stigi.

Síðan er hægt að hefja skriftir. Mín reynsla er sú að heppilegast sé að byrja ekki að skrifa einhvern kafla nema maður sé orðinn mjög handgenginn efni hans, og búinn að gera sér nokkuð góða mynd af uppbyggingu hans. Það er ekki skynsamlegt að setjast niður við tölvuna með tugi heimildarrita í kringum sig og ætla að skrifa ritgerðina meira og minna upp

úr þeim, án þess að vera búinn að gera sér grein fyrir byggingunni áður. Hætt er við að slíkur texti verði stíður og óaðlaðandi. Æskilegast er að geta skrifað kaflann nokkurn veginn upp úr sér, án þess að fletta nema stöku sinnum upp í heimildum. Þegar kaflanum er lokið er hins vegar nauðsynlegt að fara yfir hann aftur, og velta því fyrir sér hvar sé rétt að bæta inn heimildatilvísunum, hvað þurfi að athuga betur í heimildum, o.s.frv.

Hér er gert ráð fyrir að skrifa út frá efnisyfirlitinu – ekki endilega skrifa kaflana í réttri röð, heldur fylla smátt og smátt inn í efnisyfirlitið og haka við þá kafla sem eru búnir. En einnig kemur til greina að skrifa eins og andinn blæs manni í brjóst, alveg án tillits til efnisyfirlitsins, hverja síðuna á fætur annarri. Þegar búíð er að gera skil öllu sem manni finnst eðlilegt að fjalla um í þeirri lotu er svo hægt að taka textann og bera hann að efnisyfirlitinu, setja inn kaflaskil þar sem manni finnst eðlilegt, færa til efnisgreinar o.s.frv. og endurskoða efnisyfirlitið eftir þörfum. Menn hafa ýmsan hátt á þessu og ekkert við það að athuga. Það sem máli skiptir er að út úr þessu komi skýr og skipuleg ritgerð.

Þótt hér sé lögð áhersla á að höfundur hafi nokkuð skýra hugmynd um efni hvers kafla áður en byrjað er að skrifa hann þýðir það alls ekki að kaflinn verði í fullu samræmi við það sem höfundur hafði hugsað sér. Þvert á móti – þegar byrjað er að skrifa dettur manni oftast eitthvað nýtt í hug; ný efnisskipan, ný greining, ný lausn. Maður skrifar sig að niðurstöðunni, sem getur þess vegna orðið allt önnur en manni sýndist áður. Það er miklu auðveldara að átta sig á ýmsu á blaði en í huga; hvað tengist, hvort einhvers staðar er innbyrðis ósamræmi, o.s.frv. En athugið að sá texti sem þið semjið fyrst þarf ekki og má oft ekki verða endanlegur. Þótt þið hafið skrifað ykkur að einhverri niðurstöðu er ekki þar með sagt að endilega sé nauðsynlegt eða skynsamlegt að fara þá leið með lesandann. Oft getur verið heppilegra að umskrifa kaflann þegar niðurstaðan er fengin, gera hann auðlæsilegri og byggingu hans röklegri.

## 2.2 Upphaf – efnisyfirlit og formáli

Áður en hafist er handa við ritgerðasmíð er nauðsynlegt að gera sem nákvæmast efnisyfirlit að ritgerðinni. Sumir gera bæði efnisyfirlit og svokallaða efnisgrind. Munurinn á þessu tvennu er ekki mikill, en fyrst og fremst sá að efnisyfirlitinu er oft ætlað að vera hluti af ritgerðinni, yfirlit yfir efni hennar, en efnisgrindin er fremur lýsing á ritgerðinni, hugsuð sem eins konar leiðarvísir höfundar meðan á ritgerðaskrifunum stendur; þar gæti t.d. komið stutt ágríp af því sem ætlunin er að hafa í hverjum kafla.

Höfundur þarf að hafa efnisyfirlit til hliðsjónar allan tímann meðan á samningu ritgerðarinnar stendur. Þannig getur hann t.d. merkt við þá kafla sem lokið er, kafla sem eru í vinnslu, og kafla sem vinna er ekki hafin við. Þetta þýðir auðvitað ekki að höfundur eigi að halda sér dauðahaldi í efnisyfirlitið án þess að hrófla nokkuð við því. Þvert á móti á efnisyfirlitið að vera í stöðugri endurskoðun, því að hugmyndir höfundar um niðurröðun efnis, kaflaskiptingu o.þ.h. hljóta að breytast á vinnslustigi. Það sem skiptir máli er að á hverjum tíma sé til efnisyfirlit sem er hugsuð sem heild.

Ritgerðir skiptast ævinlega í þrjá meginhluta; inngang, meginmál og niðurstöður eða lokaorð. Athugið að kaflarnir þurfa auðvitað ekki að heita þetta; a.m.k. er *meginmál* aldrei kaflaheiti. En það er ekkert sjálfgefið að kaflarnir séu skrifaðir í sömu röð og þeir fá í ritgerð-

inni. Oft er þó gott að skrifa inngang fyrst, því að þá neyðist höfundur til að leggja efnið niður fyrir sér. Í inngangi er rannsóknarspurning verksins sett fram, og áætlun höfundar um það hvernig hann ætli að leita svars við henni. En þótt inngangurinn sé saminn í upphafi þýðir það ekki að ekki þurfi að hrófla við honum meira. Það er nauðsynlegt að endurskoða hann í lokin, þegar aðrir kaflar hafa verið samdir, og breyta honum til samræmis við það sem gert var.

Það er nefnilega alls óvíst að allt hafi gengið eftir eins og ráðgert var í upphafi. Stundum sér maður í inngangi að höfundur segist ætla að fjalla um þetta eða hitt ef tími vinnist til. Í niðurlagi stendur svo að forvitnilegt hefði verið að fjalla um þetta eða hitt, en því miður gefist ekki tóm til þess. Þetta má alls ekki gera. Þetta getur kennari kannski gert í kennslustund, en höfundur sem skilar af sér ritgerð veit hvað hann komst yfir og hvað ekki, og þess vegna hefur hann tækifæri til að breyta innganginum. Hann má ekki fyrir nokkurn mun gefa lesendum til kynna að honum hafi á einhvern hátt mistekist ætlunarverk sitt. Ritgerð á að mynda heild, og þess vegna verður að sníða alla slíka agnúa af.


Hér er rétt að benda á mun á formála og inngangi. Formáli er ekki hluti ritgerðar; hann hefur oft að geyma einhvers konar frásögn af tilurð verksins, þakkir höfundar til þeirra sem hafa aðstoðað hann, og einhvers konar persónulegar hugleiðingar höfundar í tengslum við verkið og tilurð þess. Einnig er formáli stundum eftir annan en höfund, og þá er hann t.d. skjall um höfundinn eða verkið, tenging við önnur verk o.s.frv. Inngangur er aftur á móti hluti verksins, þar sem viðfangsefnið er kynnt og reifað; oft er þar líka yfirlit um efnisskipan ritgerðarinnar, og ýmiss konar undirstöðufróðleikur sem nauðsynlegur er til skilnings á efninu.

## 2.3 Kaflaskipting

Í flestum tilvikum, nema þegar um allra stystu ritgerðir er að ræða, er nauðsynlegt að hafa fleiri en eitt lag í kaflaskiptingu. Með því er átt við að ritgerðinni sé skipt í meginkafla, en meginköflum svo aftur í undirkafla, og þeim aftur í undirkafla ef ástæða þykir til. Stundum má finna allt upp í fimm eða sex lög í kaflaskiptingu, en ritgerð þarf þó að vera talsvert löng til að þola fleiri en þrjú lög, og í styttri ritgerðum eru tvö lög oftast nóg.

Það er nauðsynlegt að gera sér skýra grein fyrir tilgangi slíkrar lagskiptingar. Kaflaskipting þjónar þeim tilgangi að auðvelda lesandanum að fá yfirsýn yfir efnið. Það er miklu auðveldara að átta sig á efni sem er brotið upp í tiltölulega litlar einingar en á löngum texta án skila, þar sem mörgum sögum fer fram í einu. En kaflaskiptingin snýr ekki bara að lesandanum; hún þvingar líka höfundinn til hnitmiðaðri framsetningar. Þegar tilteknum kafla lýkur verður höfundurinn að velta fyrir sér hvort það efni sem kaflinn fjallar um sé þar með afgreitt. Ef svo er ekki, þá bendir það til þess að afmörkun kaflans sé röng.

Það er hins vegar ótrúlegt að allir kaflar ritgerðar eigi heima á sama sviði, ef svo má segja. Allar líkur eru á því að efnisatriði sumra kafla eigi nánar saman en annarra. Í því tilviki er eðlilegt að láta kaflana sem tengjast náið vera undirkafla í aðalkafla, í stað þess að láta þá alla vera aðalkafla. Ef aðalkaflar eru orðnir margir er erfiðara að fá yfirsýn yfir samhengið; það er auðveldara ef meginskil eru höfð tiltölulega fá, en aðalköflum síðan skipt nánar niður. Þetta má sjá á skýringarmyndunum hér að neðan; kaflaskiptingin til hægri er mun eðlilegri.



Oft er talið eðlilegt að meginmálskaflar séu 3-5; auðvitað er ekki hægt að hafa um það neina nákvæma reglu, og þetta tengist lengdinni nokkuð. Þó eru slík tengsl ekki mikil; aukin lengd á fremur að hafa þau áhrif að sviðum undirkafla fjölgi. Athugið að það er engin ástæða til þess að sviðin séu alls staðar jafnmörg. Vel getur verið að í einum aðalkafla þurfi fjögur svið, en í öðrum dugi tvö. Einn undirkafla er merkingarleysa.

Ekki er hægt að gefa neina nákvæma reglu um það hversu langir kaflar skuli vera. Aðal-kaflar geta verið mjög mislangir, en mér hefur oft fundist gott að miða við það að lægsta svið undirkafla sé kringum ein blaðsíða. Það getur þó verið bæði meira og minna, en ef undirkafla er farinn niður fyrir hálfá blaðsíðu er hæpið að hann eigi rétt á sér. Undirkafla getur líka farið upp í 3-4 síður, en ef hann er orðinn lengri verða að vera góð rök fyrir því. Ég hef oft heyrt nemendur amast við mikilli kaflaskiptingu, segja að hún trufla lesandann og slíti efnið of mikið í sundur. Ég hef þá yfirleitt svarað því að þá geti menn bara hent út öllum kaflafyrirsögnum fyrir lokaútprentun, þannig að endanleg gerð verði án kaflaskiptingar. Meginatriðið er að kaflaskiptingin sé fyrir hendi á vinnslustigi, og auðveldi höfundu að setja efnið fram á skipulegan hátt, eins og áður segir. Ef svo er, þá kemur hún lesandanum líka að gagni enda þótt hann sjái hana ekki.

Nauðsynlegt er að gefa hverjum kafla lýsandi heiti, bæði aðalköflum og undirköflum. Það auðveldar höfundu samninguna, og þegar heitunum er safnað saman í efnisyfirlit er auðveldara að glöggva sig á því hvort öllum efnispáttum hafa verið gerð skil, hvort röð þeirra er eðlileg, hvort skipting í aðal- og undirkafla er skynsamleg, o.s.frv. Kaflaheitin auðvelda líka lesendum að glöggva sig á efninu. Ég hef oft heyrt nemendur segja að þeir finni ekkert heiti sem passi á tiltekinn undirkafla. Ef svo er, þá geta ástæðurnar verið tvær. Ein ástæða getur verið sú að kaflinn fjalli ekki um neitt afmarkað efni, heldur sé þar fléttað saman efnunum. Þá kemur annars vegar til álita að skipta kaflanum frekar niður, og greina betur milli umfjöllunarefnanna; eða hins vegar að færa eitthvað af efni kaflans í aðra kafla, þar sem kann að vera frekari umfjöllun um efnið. Hin ástæðan fyrir því að erfiðlega gengur að gefa kafla nafn getur svo einfaldlega verið sú að kaflinn fjalli ekki um neitt; sé lítilsverður orðavaðall. Ef svo er á hann auðvitað ekki heima í ritgerðinni.

Sérhver kafla, jafnt aðalkaflar sem undirkaflar, þarf að vera hugsaður eins og ritgerðin í heild, með inngang, meginmál og niðurlag. Í upphafi hvers kafla þarf þannig að vera einhver kynning á efni hans og eftir atvikum tenging við undanfarandi kafla; og í lok hvers kafla þarf að draga saman efni hans og reka endahnútinn á umfjöllun kaflans. Vitanlega fer umfang þessara þátta eftir eðli kaflans. Í stuttum undirköflum getur ein efnisgrein dugað sem inn-

gangur og önnur sem niðurlag, en í aðalköflum getur verið eðlilegt að hafa sérstakan inngangskafla og sérstakan niðurstöðukafla. Þetta er þó matsatriði.

## 2.4 Inngangur

Það skiptir mjög miklu máli að vanda vel til inngangs. Hann verður að vekja forvitni lesenda og áhuga þeirra á að lesa ritgerðina. Þetta er auðvitað hægt að gera með ýmsu móti og útilokað að leggja ákveðnar línur um það hvernig það skuli gert. En oft er gott að hefja inngang með einhverri almennri sviðsetningu eða kynningu á efniinu þar sem það er tengt við eitthvað sem ætla má að lesandinn þekki og vekji forvitni hans. Síðan má þrengja umfjöllunina niður í spurninguna sem á að spyrja. Þar getur verið gott að taka einhver áþreifanleg dæmi sem sýni viðfangsefnið í hnotskurn þannig að lesandinn eigi betra með að átta sig á því.

Sem dæmi getum við skoðað inngang að nokkurra ára gamalli grein um aukafallsfrumlög í forníslensku. Þar er byrjað á staðhæfingu: „Undanfarin 20 ár hefur það verið almenn skoðun meðal málfræðinga að nútímaíslenska hafi frumlög í öðrum föllum en nefnifalli.“ Síðan er þetta skýrt lauslega og tekin dæmi, og svo komið að efni greinarinnar: „En þótt frumlagseðli aukafallsnafnliðanna í [þessum dæmum] sé nú nokkurn veginn óumdeilt gegnir öðru máli um svipaðar setningar í forníslenskum textum.“ Þessi dæmi eiga að sýna lesandanum um hvað greinin fjallar og vekja áhuga hans á því að halda lestrinum áfram. Í framhaldinu er svo vísað í ýmis skrif um efnið þar sem mismunandi skoðanir koma fram. Innganginum lýkur á yfirliti um efnisskipan greinarinnar.

### 0. Inngangur

Undanfarin 20 ár hefur það verið almenn skoðun meðal málfræðinga að nútímaíslenska hafi frumlög í öðrum föllum en nefnifalli. Þessu var fyrst haldið fram í grein Andrews (1976), og hefur síðan verið tekið upp og rökstutt frekar í fjölda rita, t.d. hjá Höskuldi Þráinssyni (1979), Zaenen, Maling & Höskuldi Þráinssyni (1985) og ítarlegast hjá Halldóri Ármanni Sigurðssyni (1989, 1991).

Hér er um tvennt að ræða; annars vegar eru sagnir sem áður voru kallaðar „ópersónulegar“, vegna þess að þær standa alltaf í 3. persónu eintölu og taka ekki með sér neinn nefnifallslið, eins og í eftirfarandi dæmum:

- (1) a. Mig vantar peninga.
- b. Mér kólnar.
- c. Mín var saknað.

Hins vegar eru svo sagnir sem taka með sér tvo nafnliði (rökliði); annan í nefnifalli en hinn í þágufalli, og þágufallsliðnum er „eðlilegt“ að standa fremst:

- (2) a. Mér líkar fyrirlesturinn vel.
- b. Mér leiddist bókin.

Í hefðbundinni setningafræði eru slíkar sagnir venjulega ekki taldar ópersónulegar, heldur talið að nefnifallsliðurinn sé frumlag, og þágufallsliðurinn andlag. Það má þó með ýmsum ráðum sýna fram á að frá setningafræðilegu sjónarmiði hlýtur þágufallsliðurinn að gegna frumlags-hlutverki; það er hann sem hagar sér setningafræðilega eins og frumlög eru vön að gera, en

nefnifallsliðurinn hagar sér á annan hátt. Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta hér, en um þetta má víða lesa, t.d. hjá Halldóri Ármanni Sigurðssyni (1991).

En þótt frumlagseðli aukafallsnafnliðanna í (1)-(2) sé nú nokkurn veginn óumdeilt gegnir öðru máli um svipaðar setningar í forníslenskum textum, eins og t.d. (3)-(4):

- (3) a. Mig vantar verkstjóra (*Víga-Glúms saga*, s. 1924)
- b. Því að oss kólnar á klónum. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 975)
- c. Þormóðar var saknað á þinginu. (*Fóstbræðra saga*, s. 826)
  
- (4) a. Honum líkar þetta illa. (*Flóamanna saga*, s. 761)
- b. Finnboga leiðist nú ákefð hans (*Finnboga saga ramma*, s. 647-8)

Því hefur verið haldið fram að slíkar setningar hafi aukafallsfrumlög rétt eins og nútímamálssetningarnar í (1)-(2) (sjá t.d. Faarlund 1980, Helga Bernóðusson 1982, Eirík Rögnvaldsson 1991); en aðrir hafa sett fram gagnstæða skoðun. Þar má einkum nefna Mørck (1992), en einnig Faarlund (1990, 1992), Kristoffersen (1991, 1994) – og fleira mætti eflaust tína til. Bæði Mørck og Kristoffersen telja sig hafa fundið vísbendingar um að aukafallsnafnliðir eins og í (3)-(4) hagi sér í sumum tilvikum öðruvísi en venjuleg nefnifallsfrumlög. Rétt er að vekja athygli á að þrátt fyrir þetta draga Faarlund, Mørck og Kristoffersen ekki í efa að aukafallsfrumlög séu til í nútímaíslensku.

Í þessari grein verða rök með og móti frumlagseðli aukafallsnafnliða í fornu máli vegin og metin. Fyrst er rætt nokkuð um skilgreiningu á hugtakinu **frumlag**, og síðan sýnd dæmi um ýmsar tegundir formálssetninga sem yrðu taldar hafa aukafallsfrumlög ef þær væru úr nútímamáli. Þá eru rakin lauslega helstu skrif um aukafallsfrumlög í fornu máli. Síðan eru tekin fyrir ýmis rök sem hafa verið færð fram gegn frumlagseðli aukafallsnafnliða að fornu, og sýnt fram á að þau hafa lítið gildi. Að því loknu eru sett fram rök fyrir frumlagseðli títtnefndra aukafallsnafnliða í fornu máli. Niðurstaða greinarinnar er sú að ekki sé munur á falli frumlaga í formáli og nútímamáli; geri menn á annað borð ráð fyrir aukafallsfrumlögum í nútímamáli, þá sé engin ástæða til annars en ætla að þau hafi einnig verið til að fornu.

Eins og hér má sjá er gerð örstutt grein fyrir meginniðurstöðu greinarinnar – rannsóknarspurningu hennar svarað – í lok inngangs. Sumir eru andvígir því að svo sé gert, og vilja láta svörin koma lesandanum á óvart. Aðrir benda hins vegar á að fræðileg ritgerð eigi ekki að lúta sömu lögmálum og sakamálasaga. Svarið hefur ekkert gildi í sjálfu sér; það eru rök höfundarins sem skipta máli. Þess vegna spillir það ekki ánægju lesandans af lestrinum þótt hann viti svarið fyrir. Og reyndar má halda því fram að það auðveldi lesandanum lesturinn að svarið sem höfundurinn ætlar að gefa skuli koma fram þegar í byrjun. Þá getur lesandinn nefnilega verið á verði, og á auðveldara með að átta sig á hvaða þætti í röksemdafærslu höfundar hann eigi að skoða sérstaklega. Hann veit að til að höfundur geti komist að þessari niðurstöðu verður hann að finna rök með henni, en hafna hugsanlegum mótrökum; og því á lesandinn auðveldara með að leita að veilum í rökum höfundar.

## 2.5 Bygging meginmáls – lokaorð

Útilokað er að gefa ítarlegar leiðbeiningar um efnisskipan meginmálshluta ritgerða. Til þess eru viðfangsefni of ólík – og vitanlega er líka hægt að taka á sama viðfangsefninu á mis-

munandi hátt. Oft er eðlilegt að rekja rannsóknasögu viðfangsefnisins – gefa yfirlit yfir það helsta sem hefur verið skrifað um það áður. Þetta getur verið hentugt að gera í sérstökum kafla snemma í ritgerðinni, t.d. næst á eftir inngangi – áður en komið er að sjálfstæðu framlagi höfundarins. En einnig kemur til greina að flétta rannsóknasöguna saman við það sem höfundur segir frá eigin brjósti. Mikilvægt er að gæta þess að þessi þáttur fari ekki úr böndunum og takmarkist við þau atriði sem tengjast beinlínis sjálfstæðu framlagi höfundarins.

Fræðilegar ritgerðir byggjast yfirleitt á einhverju kenningakerfi – einhverri rannsóknaraðferð. Hægt er að skoða sama viðfangsefnið út frá mismunandi sjónarhornum og beita mismunandi greiningaraðferðum. Í bókmenntum er t.d. hægt að beita ævisögulegri aðferð, sálgreiningu, marxískri greiningu, póstmódernisma, o.s.frv.; í málfræði er hægt að beita málkunnáttufræði, orðræðugreiningu, félagslegri málfræði, o.s.frv. Stundum er líka gengið út frá skrifum og kenningum einhvers tiltekens fræðimanns – Michel Foucault, Juliu Kristevu, Noam Chomsky, o.s.frv.

Nauðsynlegt er að gera lesendum grein fyrir fræðilegum grundvelli ritgerðarinnar. Það er hins vegar mjög misjafnt hversu mikil og ítarleg sú greinargerð á – eða þarf – að vera. Í sumum tilvikum er byggt á flóknu kenningakerfi sem líklegt er að lesendur þekki lítið til – kannski er verið að kynna það í fyrsta skipti í íslensku riti. Þá þarf að fara nokkuð ítarlega í fræðilegan grundvöll ritgerðarinnar og eyða í það talsverðu rými. Í öðrum tilvikum er um að ræða tiltölulega einfalt kenningakerfi sem líklegt er að flestir þekki nokkuð til, og þá þarf ekki að segja mikið um það. Þarna á milli eru svo ótal mismunandi stig. Eins og með rannsóknasöguna er hægt að koma þessari umfjöllun fyrir á ýmsa vegu. Stundum kann að vera heppilegt að leggja fræðilegan grundvöll í sérstökum kafla framarlega í ritgerðinni, en oft hentar betur að flétta þetta saman við eigin rannsókn höfundar; og iðulega er hvorttveggja gert í sama verkinu.

Hér hefur verið gengið að mestu leyti út frá því að ritgerð byggist á rituðum (og e.t.v. munnlegum) (eftir)heimildum. Slíkar ritgerðir geta vitanlega verið mjög margvíslegar, allt frá því að vera gagnrýnislaus endursögn heimilda án sjálfstæðrar úrvinnslu upp í það að vera háfræðileg umfjöllun þar sem höfundur ber saman, vegur og metur heimildir, leggur sjálfstætt mat á þær, og bætir miklu við frá eigin brjósti. En ekki eru allar ritgerðir af þessu tagi. Margar byggjast á sjálfstæðri rannsókn höfundar, unninni upp úr frumheimildum. Þar getur t.d. verið um að ræða bókmenntafræðilega greiningu á tilteknu verki eða höfundi, athugun á framburði fólks í tilteknum landshluta, o.m.fl. Efnistöð er auðvitað talsvert ólík eftir því hvor tegundin er.

Meginatriðið er að hver verður að finna fyrir sig hvernig bygging og röksemdafærsla meginmáls eigi að vera. Þetta lærist bara með æfingunni. Það er um að gera að lesa sem flestar fræðigreinar með gagnrýnu hugarfari – láta ekki nægja að tileinka sér efni þeirra, heldur velta líka fyrir sér byggingu, efnisskipan og röksemdafærslu. Hvernig kemur höfundur rannsóknasögunni að? Hvernig gerir hann grein fyrir fræðilegum forsendum sínum? Er skipting í aðal- og undirkafla í góðu samræmi við efnisþætti og skyldleika þeirra? Tengjast kaflar eðlilega, þannig að einn taki röklega við af öðrum? Er inngangur og niðurlag í hverjum kafla?

Í lokakafla ritgerðarinnar þarf svo að rifja umfjöllunina upp í stuttu máli og draga niðurstöður saman. Þessi kafla getur verið misítarlegur – í langri ritgerð nokkrar blaðsíður. Miklu



skiptir að þar séu niðurstöður settar fram á skýran og skipulegan hátt, þannig að ljóst sé að rannsóknarspurningu verksins hafi verið svarað. Það kemur vel til greina að taka þarna upp framsetningu rannsóknarspurningar í inngangi. En auk þess fer oft vel á því í lokakafli að leggja út af niðurstöðunum – velta fyrir sér gildi þeirra og hugsanlegum afleiðingum, setja fram hugmyndir um áframhaldandi rannsóknir, o.s.frv. Þetta má sjá í eftirfarandi lokakafli úr sömu grein og inngangurinn sem sýndur var hér að framan.

#### 4. Niðurstöður

Ég tel mig nú hafa sýnt fram á að þau rök sem færð hafa verið **gegn** tilvist aukafallsfrumlaga í fornu máli standast ekki; og jafnframt má finna ýmis rök sem mæla **með** tilvist aukafallsfrumlaga að fornu. Athugið vel að ég er hér að halda því fram að **fyrirbærið** aukafallsfrumlög hafi verið til í fornu máli; þ.e., einhver dæmi hafi þar verið um að nafnliðir í aukafalli gætu gegnt frumlagshlutverki. Þar með er ekki sagt að allir þeir aukafallsnafnliðir sem hægt er að sýna fram á með prófum að séu frumlög í nútímamáli hafi líka verið það í fornu máli. Í sumum tilvikum virðast aukafallsnafnliðirnir hafa gegnt öðrum merkingarhlutverkum í fornu máli en þeir gera nú, og það getur haft áhrif á þetta. Um þetta eru t.a.m. dæmi með so. *dreyma*:

- (27) a. Þá dreymdi mig **hin sama kona** og fyrr (*Laxdæla saga*, s. 1615)  
b. **Sá maður** dreymir mig jafnan (*Hallfreðar saga vandræðaskálds*, s. 1206)  
c. og nú dreymdi mig **sú hin verri konan**. (*Gísla saga Súrssonar*, s. 931)  
d. En ekki vita þá draumar þeir er mig hafa dreymt í nótt ef þér eruð þá jafnfúsir. (*Þorgils saga skarða*, s. 722)

Í nútímamáli tekur *dreyma* yfirleitt tvo þolfallsliði. Hér birtist annar þeirra, sá sem eðlilegt er að greina sem andlag og ÞEMA í nútímamáli, þess í stað í nefnifalli í (27a-c). Í tilvísunarsetningunni í (27d) sýnir fleirtala hjálparsagnarinnar (*hafa*) að viðkomandi liður ætti að vera í nefnifalli. E.t.v. er rétt að greina þann lið sem einhvers konar GERANDA, og þar með frumlag. Svipuð dæmi má einnig finna með *virðast* og *sýnast*:

- (28) a. Hún sýndist honum ríða grám hesti (*Gísla saga Súrssonar*, s. 888)  
b. Því ráðum við þér þetta að þér tækist allt vel því að þú virðist okkur vaskur mjög. (*Hrafnkels saga Freysgoða*, s. 1410)

Ég hef tilhneigingu til að halda að nefnifallsliðurinn sé frumlag í þessum dæmum, þótt erfitt sé að skera úr um það; en með þessu er ég alls ekki að segja að umræddar sagnir hafi **alltaf** tekið nefnifallsfrumlag í fornu máli. Í þessu sambandi má þó minna á að Helgi Bernóðsson (1982) hefur sýnt fram á að sumar sagnir sem taka nefnifalls- og þágufallslið geta haft þá báða að frumlagi; sá þeirra sem framar stendur stenst þá frumlagsprófin. Það er auðvitað nógu erfitt að sýna fram á að fyrirbærið aukafallsfrumlög hafi verið til í fornu máli; útilokað er að skera úr um stöðu einstakra sagna í því sambandi. Það er hins vegar nóg að finna einhver ótvíræð dæmi.

En niðurstaða mín er sú að engin eðlisbreyting hafi orðið á málinu frá forn máli til nútímamáls hvað varðar fyrirbærið aukafallsfrumlög; þau hafi verið til að fornu, en hins vegar geta vensl einstakra sagna við rökliði sína hafa breyst.

## 3. Heimildamat og tilvitnanir

### 3.1 Heimildamat

Þótt heimildir finnist um tiltekið efni er björninn ekki unninn þar með; nauðsynlegt er að leggja mat á heimildirnar. Í fræðilegri ritgerð skiptir höfuðmáli að höfundurinn skrifi ekki gagnrýnislaust upp eftir heimildunum, heldur meti þær sjálfur á gagnrýninn hátt. Slíkt mat er vissulega ekki einfalt, en hér má benda á nokkur atriði sem verður að hafa í huga.

Í fræðilegri umræðu er gerður grundvallarmunur á **frumheimildum** og **eftirheimildum**. Frumheimildir eru upphafleg gögn um eitthvert mál, sá staður þar sem við endum þegar ekki verður lengur rakið. Frumheimildir um mannlíf á Íslandi á 19. öld eru t.d. kirkjubækur, dóma- bækur o.fl., en eftirheimildir eru þær sem byggjast á frumheimildunum. Frumheimildir um ís- lenska málsögu á 19. öld eru þeir textar sem varðveittir eru frá þeim tíma, en 20. aldar rit um íslenska málsögu eru eftirheimildir. Athugið að frumheimildir þurfa ekki að vera í rituðu formi; frumheimildir um landnám á Íslandi geta eins verið fornleifar, brunnir birkikvistir o.s.frv.

Í eftirheimildum er ævinlega að finna einhvers konar úrval úr frumheimildum og túlkun á þeim. Það úrval og sú túlkun hlýtur að vera huglæg, fara eftir áhugasviði, þekkingu, skoð- unum og markmiði þess sem velur, og vera háð því þjóðfélagi sem hann býr í og þeim tíma sem hann lifir á. Þess vegna getum við ekki treyst því að í eftirheimildunum komi allt fram sem við kynnum að hafa áhuga á, eða túlkun þeirra á frumheimildunum sé eins og við myndum hafa hana. Við þessu er aðeins hægt að bregðast á einn veg; með því að fara í frum- heimildirnar sjálfar, velja sjálf úr þeim og túlka frá eigin brjósti.

Með þessu er auðvitað ekki átt við að við megum aldrei nota eftirheimildir í fræðilegu starfi, en þurfum alltaf að kanna allt frá grunni sjálf – skárra væri það nú. Venjulegar nám- skeiðsritgerðir hljóta eðli málsins samkvæmt að byggjast að mestu eða öllu leyti á eftir- heimildum. En ef við erum að skrifa BA-ritgerð um tiltekið efni, svo að ekki sé minnst á stærri verk eins og MA- eða doktorsritgerð, þá verður að krefjast þess að við förum í frum- heimildir um efnið. Eftirheimildir getum við hins vegar nýtt til að setja efnið í stærra sam- hengi, og að sjálfsögðu til stuðnings og samanburðar við okkar eigin umfjöllun.

Það er mjög algengt í námsritgerðum að ekki sé gert upp á milli heimilda; ef nemandinn finnur einhverja heimild um það efni sem hann er að skrifa um er hún notuð, án þess að lagt sé nokkurt mat á gildi hennar. Þannig mætti t.d. oft halda að *Aldirnar* væru helsta og traustasta sagnfræðirit okkar. Við þurfum að læra að taka heimildunum með fyrirvara, meta gildi þeirra, átta okkur á stöðu þeirra, og taka sjálfstæða afstöðu þegar heimildir greinir á. Þetta tekur sinn tíma, en það lærist smátt og smátt.

Nauðsynlegt er að athuga hvernig höfundur heimildarinnar umgengst heimildir sjálfur; hvort hann vitnar í heimildir, og ef svo er, hvernig hann gerir það. T.d. skiptir máli að auðvelt sé að sjá hvað hann tekur úr heimildum sínum, og hvað hann segir frá eigin brjósti. Einnig þarf að reyna að átta sig á því hvort höfundur notar heimildir sínar á heiðarlegan hátt, eða hvort einhver dæmi sjást um að hann rangtúlki eitthvað, stingi einhverju undir stól o.s.frv.

Hér skiptir máli að athuga hvort aðrir sem um málið hafa fjallað hafa komist að sömu niðurstöðu, eða hvort þessi höfundur er einn á báti. Þótt fjöldi fræðimanna sé á einu máli um

tiltekið efni þarf það ekki að þýða að skoðun eða niðurstaða þeirra sé traust sem því nemur. Oft er það nefnilega svo að hver étur upp eftir öðrum; einhver setur fram tiltekna kenningu í upphafi, og hún gengur síðan aftur hjá öllum sem um málið rita, án þess að nokkur þeirra hafi í raun gert nokkra sjálfstæða rannsókn á efninu. Í slíku tilviki er niðurstaðan, þótt hún sé samhljóða, auðvitað engu traustari en niðurstaða þess eina manns sem setti hana fram í upphafi.

Hafi einhver einn höfundur komist að annarri niðurstöðu en aðrir sem um málið hafa fjallað getur það stundum bent til þess að höfundurinn sé sérvitringur sem ekki er tekið mark á í fræðaheiminum; en auðvitað getur það líka þýtt að hann sé á undan sinni samtíð, frumlegri og hugmyndaríkari en aðrir, o.s.frv. Í því sambandi þarf að athuga hvort aðrir fræðimenn hafa mótmælt þessum einfara með rökum, eða hvort þeir láta eins og skrif hans séu ekki til. Í fyrra tilvikinu verðum við að reyna að meta röksemdir beggja aðila og mynda okkur sjálfstæða skoðun. Í seinna tilvikinu er erfiðara um vik. Þögnin getur oft þýtt að skrifin þyki svo vafa-söm að ekki taki því að andmæla þeim; en hún getur einnig borið vott um að aðrir treysti sér ekki til að fjalla um þessi skrif og kjósi því að þegja.

Vitaskuld skiptir líka máli að athuga hvert er markmið höfundar heimildarinnar; hvort hann er að skrifa fræðirit, uppfærðandi grein fyrir almenning, pólitíska áróðursgrein, eða semja hátíðaræðu, svo að nokkur dæmi séu tekin. Einnig þarf að hafa í huga á hvaða vettvangi heimildin birtist; hvort um er að ræða virðulegt fræðirit, almennt tímarit, dagblað, eða auglýsingabækling. Með þessu er auðvitað ekki verið að segja að t.d. greinar í dagblöðum séu ónýtar sem heimildir í sjálfu sér, heldur aðeins verið að benda á að þær kunna að vera skrifaðar í öðru augnamiði en því að koma þekkingu á framfæri á hlutlausan hátt, og því þarf að meta þær með það í huga. En þið kannist örugglega við auglýsingar þar sem stendur eitt-hvað á þessa leið: „Læknar mæla með xx“; „Rannsóknir hafa sýnt að xx skilar árangri í 99% tilvika“, o.s.frv. Þarna kemur sjaldnast fram hvaða læknar mæla með vörunni, eða til hvaða rannsókna er vísað, hver gerði þær, hvernig staðið var að þeim, o.s.frv. Slíkar fullyrðingar eru því gagnslausar sem heimild.

Á fáum árum hefur vægi heimilda á netinu aukist gífurlega. Þar má nú finna efni um flest milli himins og jarðar. Það er vitaskuld mjög þægilegt að hafa aðgang að heimildum í tölvunni sinni en þurfa ekki að gera sér ferð á bókasafn til að fletta þar upp. Auk þess eru heimildir á netinu oft nýrri og ferskari en þær sem finna má á söfnum. Mikið nýtt efni bætist við daglega, og því ljóst að vægi heimilda af netinu heldur áfram að aukast. Hér verður þó að fara varlega. Netið er óritskoðað, og hver sem er getur sett þar inn hvaða efni sem er. Þess vegna má ekki trúá öllu sem þar er að finna eins og nýju neti. Nauðsynlegt er að meta heimildirnar með gagnrýnu hugarfari og reyna að átta sig á því hvaða gildi þær hafi. Þetta er ekki alltaf auðvelt.

Það fyrsta sem huga þarf að er hver eigi síðuna. Yfirleitt ætti að mega gera ráð fyrir því að heimasíðum háskóla, rannsóknarstofnana (t.d. Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Raunvísindastofnunar Háskólans) og opinberra stofnana (t.d. Veðurstofunnar, Orku-stofnunar) sé treystandi. Heimasíður einstaklinga verður hins vegar að taka með fyrirvara. Þá þarf að skoða hver eigandinn (höfundurinn) er; hvort hann sé fræðimaður á því sviði sem máli skiptir eða leikmaður. Oft kemur slíkt ekki fram og verður ekki ráðið af síðunni, og þá er

rétt að taka upplýsingum þar með varúð. Heimasíður fjölmiðla verður að meta á sama hátt og önnur birtingarform miðlanna.

Einnig skiptir máli hvort síðunni er haldið við reglulega. Á mörgum síðum kemur fram hvenær þeim var síðast breytt, og verður að hafa hliðsjón af því við matið. Stundum skiptir engu máli hvort upplýsingar eru árs gamlar eða síðan í gær, en í öðrum tilvikum eru árs gamlar upplýsingar gagnslausar; þetta verður að meta eftir eðli málsins. Oft kemur hins vegar ekki fram hvenær síðu var síðast breytt, og þá þarf að meta hvort líkur séu á að aldur upplýsinga hafi áhrif á gildi þeirra. Enn fremur þarf að huga að því við hvað upplýsingar á síðunni styðjast. eru þær settar fram með augljósri tilvísun í rannsóknargögn, t.d. mælingar, skoðana-kannanir eða eitthvað slíkt; eða eru beinar tilvísanir í prentaðar heimildir?

Ein grundvallarkrafan sem gera verður til heimilda í fræðilegri umræðu er sú að þær séu **sannreynanlegar**; þ.e., hægt sé að rekja þær til upphafs síns. Höfundur sem setur fram einhverja fullyrðingu verður að gefa lesandanum færi á að meta gildi þeirrar fullyrðingar. Það gerir hann annaðhvort með vísun í þá heimild sem hann sækir fullyrðingu sína í, eða í sínar eigin rannsóknir. Strangt tekið ber höfundur e.t.v. ekki ábyrgð á öðru en eigin fullyrðingum, en höfundur sem vill láta taka mark á sér og er vandur að virðingu sinni hlýtur þó að kanna gildi þeirra staðhæfinga sem hann hefur eftir öðrum. Geri hann það ekki, og hafi enga fyrirvara á að vitna til þeirra, hlýtur hann að teljast samábyrgur.

Þetta á ekki síst við ef verið er að setja fram umdeildar eða umdeilanlegar fullyrðingar. Ef ég segi í ritgerð: „Jón Jónsson hefur sýnt fram á að landnám Íslands hafi hafist snemma á 8. öld“, og vitna síðan samviskusamlega í það rit þar sem þessi staðhæfing er sett fram, þá er ég með orðalaginu að taka vissa ábyrgð á henni. Auðvitað kæmi líka til greina að segja „Jón Jónsson hefur fært rök að því ...“ eða „Jón Jónsson hefur haldið því fram ...“, og bæta síðan við einhverjum orðum um mat höfundar á staðhæfingum Jóns. Með því leitast höfundur við að uppfylla þá skyldu sína að gera lesandanum fært að meta gildi þess sem haldið er fram.

Athugið líka að skriflegar heimildir eru að öðru jöfnu taldar traustari en munnlegar, og teknar fram yfir nema sérstök ástæða sé til annars. Ástæðan er ekki síst sú að yfirleitt er auðveldara að sannreyna skriflegu heimildirnar; lesandinn getur, a.m.k. í prinsippinu, flett upp í þeim sjálfur. Samtal sem vitnað er í verður aftur á móti aldrei endurtekið; um það verðum við að treysta frásögn höfundar (þótt auðvitað sé stundum hægt að spyrja viðmælandann hvort rétt sé eftir haft). En ástæðan er líka sú að munnlegar heimildir eru mjög oft háðar minni heimildarmanna, og það er bríðdult, eins og sýnt hefur verið fram á.

### 3.2 Heimildir og tími

Mikilvægt er að skoða aldur heimildarinnar. Bók Valtýs Guðmundssonar frá 1922, *Íslensk Grammatik*, hefur að undirtitli „Íslensk Nutidssprog“; en rit með slíkan titil frá 1922 er augljóslega ekki hægt að nota fyrirvaralaust sem heimild um íslenskt nútímamál 75 árum síðar. *Íslenzkar nútímabókmenntir* eftir Kristin E. Andrésen ná ekki nær okkur í tíma en til 1948; o.s.frv. Þetta er augljóst; en fleira þarf að athuga. *Altnordische Grammatik* eftir Adolf Noreen var síðast endurskoðuð 1923; en þótt það málstig sem hún lýsir sé mun eldra, valda ýmsar nýrri rannsóknir því að sitthvað sem þar stendur er nú úrelt.

Þetta skiptir oft meginmáli í fræðilegri umræðu, og er forsenda þess að hægt sé að meta heimildir á heiðarlegan hátt. Hver höfundur er barn síns tíma, og hvert fræðirit hlýtur að taka mið af þeirri þekkingu sem traustust þykir og þeim fræðikenningum sem bestar teljast á hverjum tíma. Hvorttveggja breytist hins vegar ört, og þess vegna verður að gefa góðan gaum að ritunar- og útgáfutíma heimilda, því að hverja heimild verður að meta á sínum eigin forsendum auk þeirra forsendna sem við höfum miðað við núverandi þekkingu og kenningasmíð á viðkomandi fræðasviði.

Það þarf að gæta sín vel þegar verið er að skoða aldur heimilda. Mitt eintak af áður-nefndri bók Noreens, *Altnordische Grammatik*, er t.d. gefið út 1970 – það er eina ártalið sem stendur á titilblaði. Þar kemur þó einnig fram að þetta sé „5., unveränderte Auflage“, og á baksíðu titilblaðs sést að næsta útgáfa á undan, sú 4., kom út 1923. Með því að skoða formálana sem á eftir koma sést að sú útgáfa var endurskoðuð frá þeirri þar á undan, og því er rétt að miða við árið 1923 þegar aldur bókarinnar er ákvarðaður. En einnig er rétt að hafa í huga að 1. útgáfa kom út árið 1884, og stofn bókarinnar er því meira en aldargamall.

Á síðustu árum er reyndar orðið mjög erfitt að meta aldur heimilda. Það stafar af því að eftir að ljósritunarvélur og tölvur komust í almenna notkun hefur orðið algengt að ritsmíðar gangi milli manna í bráðabirgðagerð jafnvel nokkur ár áður en kemur til endanlegrar útgáfu. Í þessar bráðabirgðagerðir er síðan stundum vitnað í öðrum ritum, sem oft koma út á undan hinni endanlegu gerð ívitnaða ritsins. Stundum vitna menn í tiltekið atriði í bráðabirgðaútgáfu sem síðan er breytt eða fellt brott í endanlegri útgáfu. Þegar lesendur rekast á þetta ósamræmi vita þeir ekki hvað veldur, og skella kannski skuldinni á þann sem vitnar í, og gruna hann um að hafa tekið rangt upp eða falsað tilvitnun. Nú hefur dreifing á neti bæst við, og þar sem slíkar bráðabirgðaútgáfur eru yfirleitt óskráðar og erfitt að fá upplýsingar um þær veldur þetta oft hinum mesta ruglingi.

Almenna reglan í fræðilegri umræðu er sú að nota frumútgáfu ef kostur er. Frá því er þó eðlilegt að víkja ef síðari útgáfur eru endurskoðaðar. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á merkingarmun orðanna **útgáfa** og **prentun**. Ný útgáfa bókar er oft eitthvað breytt, þótt svo þurfi ekki að vera; en sé bók endurútfegin óbreytt, er þess oft getið (sbr. bók Noreens hér að framan). Ný prentun er aftur á móti yfirleitt óbreytt, og þá er upp og ofan hvort ártali upphaflegrar prentunar er haldið á titilblaði eða ekki. Það er hins vegar rétt að athuga að ekki er fullt samræmi í þessari orðanotkun, og stundum er bók breytt við endurprentun án þess að þess sé getið, og án þess að það sé kölluð ný útgáfa. Því er nauðsynlegt að skýrt komi fram í hvaða gerð rits er vitnað.

Í umfjöllun um bókmenntir er nauðsynlegt er að hafa í huga að margir rithöfundar breyta verkum sínum talsvert milli útgáfna án þess að þess sé alltaf sérstaklega getið. Þetta á t.d. við um Halldór Laxness, en einnig marga fleiri. Mörg ljóðskáld líta t.d. svo á að ekki sé til neinn „endanlegur“ texti af ljóðum þeirra; þau gera meiri og minni breytingar við hverja nýja útgáfu. Í slíkum tilvikum er auðvitað matsatriði hvaða útgáfu á að nota. Ef verið er að skrifa um *Barn náttúrunnar* sem byrjandaverk Halldórs Laxness, *Kvæðabók* sem byrjandaverk Hannesar Péturssonar, er væntanlega eðlilegt að nota fyrstu útgáfu, en ekki þann texta sem þessir höfundar endurskoðuðu orðnir nokkrum áratugum eldri.

Í öðrum ritum en fræðiritum er krafan um notkun frumútgáfu ekki eins sterk, og stundum óheppileg. Oft getur verið mun erfiðara að nálgast frumútgáfu en endurútgáfu, og í fæstum tilvikum skiptir munurinn máli, sé ekki um fræðilega ritsmíð að ræða. Þá er sjálfsgöð kurteisni við lesendur að nota þá útgáfu sem er aðgengilegust og auðfánlegust. Þannig væri t.d. eðlilegra að nota útgáfu Íslendingasagna með nútímastafsetningu en stafréttar útgáfu, enda þótt þær séu fræðilega nákvæmari.

Þegar fengist er við eldri texta koma upp ýmis vandamál. Sumir textar eru eingöngu til í handriti en hafa aldrei verið gefnir út prentaðir. Flest handrit frá síðari öldum eru varðveitt í handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Handrit frá því fyrir siðaskipti eru hins vegar flest á skinni og varðveitt í Stofnun Árna Magnússonar. Að auki eru ýmiss konar opinber gögn, s.s. kirkjubækur, dómabækur o.fl., varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands. Í þessum söfnum eru til ýmsar skrár sem auðvelda notendum að finna það sem þeir leita að, en þó læra menn fyrst og fremst á söfnin með því að nota þau.

Til að nota handrit þurfa menn að kunna að lesa skriftina, sem getur verið með ýmsu móti og hefur tekið miklum breytingum. Stafagerð 13. aldar, sem er á elstu handritum forn-sagna, er gerólík t.d. fljótaskrift síðar á öldum; og hvort tveggja er ólíkt nútímaskrift. Það er þolinmæðisverk að verða læs á allar skriftartegundir sem er að finna í íslenskum handritum.

Að auki þurfa menn að hafa ákveðna þekkingu á íslenskri málsögu og sögu stafsetningarinnar til að átta sig á ýmsu í handritunum; til að skilja ýmis orð og beygingarmyndir sem eru rituð öðruvísi en nú tíðkast. Í eldri handritum (frá því fyrir 19. öld) er t.d. ekki skrifað ‘ð’ (nema í þeim allra elstu). Ekki er heldur notaður broddur yfir stafi, heldur eru þeir oft tvíritaðir, þannig að ‘aa’ merkir ‘á’. ‘j’ er oft skrifað þar sem við höfum ‘i’ eða ‘í’, ‘w’ þar sem við höfum ‘u’ eða ‘ú’, og svo mætti lengi telja. Hér skiptir máli að skoða orðmyndirnar og samhengið; reyna að finna út um hvaða orð gæti verið að ræða, bera orðmyndirnar saman og reyna að finna út reglu.

Þótt prentaður texti sé til er ekki þar með sagt að allur vandi sé leystur. Útgáfu eldri texta eru nefnilega mjög misnákvæmar. Sumir textar hafa verið gefnir út stafréttir, þ.e. prentaðir nákvæmlega eins og skrifað er í handritum. Í öðrum tilvikum er notuð samræmd stafsetning; þá er ritháttur orða samræmdur eftir ákveðnum reglum og því oft vikið frá rithætti handrits í ýmsum atriðum. En það er mjög misjafnt við hvað samræmingin miðast. Í útgáfum fornrita, t.d. Íslendingasagna, er oft notuð svonefnd „samræmd stafsetning forn“ sem miðast við hljóðkerfi og beygingakerfi málsins kringum 1200. Í öðrum tilvikum er notuð nútímastafsetning, t.d. í flestum skólaútgáfum á Íslendingasögum. Fyrir venjulega lesendur skiptir þetta oftast engu máli, en ef ætlunin er að nota útgáfuna í fræðilegum tilgangi, t.d. til málsögulegra rannsókna, verða menn að gera sér grein fyrir því hvers eðlis hún er.

En fleiri þættir en stafsetning skipta máli þegar fræðilegt gildi útgáfu er metið. Oft er til fleiri en eitt handrit af sama texta; stundum jafnvel margir tugir. Þá verður að gæta þess hvaða handrit útgefandi hefur notað; ekki er víst að það sé elsta eða besta handritið. Í vönduðustu útgáfum er venjulega eitt handrit lagt til grundvallar, en lesbrigði úr öðrum handritum sýnd neðanmáls; en stundum blanda útgefendur handritum saman án þess að ljóst sé hvað er tekið úr hverju. Slíkar útgáfu geta gagnast venjulegum lesendum ágætlega, en eru venjulega taldar ónothæfar í fræðilegri umræðu. Þar að auki eru útgefendur misjafnlega

vandvirkir. Mörg handrit eru illlæsileg og þá þarf bæði mikla kunnáttu og nákvæmni til að ráða fram úr þeim. Það er alls ekki sjaldgæft að útgefendur lesi rangt eða misskilji einstök orð. Því hafa útgáfur mjög misjafnt orð á sér. Þess er auðvitað enginn kostur að kenna í eitt skipti fyrir öll hvaða útgáfur eru traustar og hverjar ekki. Þetta verða menn að læra smátt og smátt ef þeir fara að vinna á þessu sviði.

### 3.3 Höfundaréttur – ritstuldur

Höfuðskylda fræðimanns er að vitna ævinlega til heimilda. Fyrir þessu eru tvær ástæður. Önnur er sú sem áður var nefnd, að lesandinn verður að geta sannreynt það sem höfundur segir. Hin ástæðan er að fræðilegar hugmyndir, greiningar og kenningar eru hugverk sem ekki er siðferðilega leyfilegt að nýta án þess að láta þess getið hvaðan það er komið. Slíkt er ritstuldur, sem er litinn mjög alvarlegum augum í fræðilegri umræðu. Fræðimaður sem tekur orðalag, hugmynd, greiningu, skoðun eða kenningu upp eftir öðrum án þess að vitna í hann hefur fyrirgert fræðimannsheiðri sínum.

Um höfundarétt gilda sérstök lög, [Höfundalög](#), nr. 73/1972. Þar segir m.a. í 1. grein:

Höfundur að bókmenntaverki eða listaverki á eignarrétt á því með þeim takmörkunum, sem í lögum þessum greinir.

Til bókmennta og lista teljast samið mál í ræðu og riti, leiksviðsverk, tónsmíðar, myndlist, byggingarlist, kvikmyndir, ljósmyndalist, nytjalist og aðrar samsvarandi listgreinar, á hvern hátt og í hverju formi sem verkið birtist.

Þetta þýðir að höfundaréttur gildir ekki einungis um það sem venja er að kalla bókmenntir, heldur um hvers kyns texta, ritaðan og talaðan. Undir það fellur t.d. efni birt í dagblöðum og vefmiðlum eða flutt í útvarpi, efni á vefsíðum, í bloggi, á spjallþráðum, í tölvupósti, o.s.frv. Ekki skiptir máli hvort efnið er merkt höfundi eða sérstaklega tekið fram hver sé eigandi höfundaréttar. Í 3. grein laganna er síðan kveðið á um yfirráðarétt höfundar yfir hugverki sínu:

Höfundur hefur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að birta það í upphaflegri mynd eða breyttri, í þýðingu og öðrum aðlögunum.

Í 4. grein kemur fram að höfundur á skýlausan rétt á að nafns hans sé getið, og verki hans sé ekki breytt í heimildarleysi:

Skýlt er, eftir því sem við getur átt, að geta nafns höfundar bæði á eintökum verks og þegar það er birt.

Óheimilt er að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni.

Ógilt er afsal höfundar á rétti samkvæmt þessari grein, nema um einstök tilvik sé að ræða, sem skýrt eru tilgreind bæði um tegund og efni.

Seinasti hlutinn er athyglisverður. Þar er skýrt tekið fram að höfundur getur ekki afsalað sér höfundarétti nema við alveg sérstakar aðstæður.

Þrátt fyrir skýlausan umráðarétt höfundar yfir texta sínum er óhjákvæmilegt að leyfa birtingu stuttra búta úr verkum við ýmsar aðstæður. Á þessu er tekið í 14. grein laganna:

Heimil er tilvitnun í birt bókmenntaverk, þar á meðal leiksviðsverk, [...] ef hún er gerð í sambandi við gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið.

Sambærilegt ákvæði er í 10. grein [Bernarsáttmálans](#) frá 1971 (upphaflega frá 1886), en hann var lögfestur á Íslandi með [lögum](#) nr. 80/1972. En þá má spyrja hvað sé „innan hæfilegra marka“. Um það eru engar fastar reglur og verður að fara eftir mati hverju sinni. Stundum reyna menn að miða við tiltekið hlutfall af verkinu, og segja að í mesta lagi megi taka upp t.d. 10% af texta þess í skjóli þessarar greinar. Þetta fer þó líka eftir því hvað er skilgreint sem sjálfstætt verk. Er t.d. hvert ljóð í ljóðabók sjálfstætt verk, eða er það bókin í heild? Oft eru ljóð tekin upp í heild, t.d. í ritdómum, og verður varla talið að það brjóti í bága við þessa heimild laganna.

Sá höfundaréttur sem hér um ræðir er eignarréttur á orðalagi – texta. Hann tekur hins vegar ekki til hugmynda. Í 5. grein [Höfundalaga](#) segir:

Nú hefur verk verið notað sem fyrirmynd eða með öðrum hætti við gerð annars verks, sem telja má nýtt og sjálfstætt, og er þá hið nýja verk óháð höfundarétti að hinu eldra.

Lögin banna því ekki að verk sé notað sem fyrirmynd annars, og það er auðvitað hægt að gera með ýmsu móti, t.d. með því að nýta sér ýmsar hugmyndir verks og vinna út frá þeim. Stundum er orðalagi heimildar fylgt nokkuð náíð án þess að um orðréttu tilvitnun sé að ræða, og án þess að vísað sé til heimildarinnar. Þar verður að fara mjög varlega. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. [221/2007](#) er fjallað um tilvik af þessu tagi. Þar segir:

[...] engin skýr og afdráttarlaus skilgreining verður gefin á því hvar mörkin liggja milli þess sem talist getur annars vegar heimil nýting á efnisatriðum eða staðreyndum úr höfundaréttarvernduðum texta og þess hins vegar að nýting textans sé með þeim hætti að hún varði lögvernduð höfundaréttindi [...]

Meðal þeirra dæma sem Hæstiréttur fjallaði um í dómi sínum er eftirfarandi:

**Hannes H. Gissurarson: *Halldór***

Vorið 1905, þegar Dóri litli var þriggja ára, kom maður með hatt og í svörtum frakka heim til foreldra hans á Laugaveginum. Hann settist á tal við föður hans, en hatturinn og frakkinn héngu á snaga í fordyri. Þetta var Sighvatur Bjarnason, bankastjóri Íslandsbanka. Erindi hans var að greiða fyrir því, að Guðjón seldi húsið á Laugaveginum og fengi þess í stað jörðina Laxnes í Mosfellssveit, sem frægur hrossakaupmaður, Páll Vídalín, hafði setið.

**Halldór Laxness: *Í túninu heima***

Einusinni kom venjulegur maður með hatt, í svörtum frakka, og var boðið til stofu. Hann sat leingi á tali við föður minn. Hatturinn og frakkinn héngu á snaganum í fordyrinu. Skrýtið að ég skuli enn muna að þessi maður sem ég sá bara frakkann hans og hattinn hét Sighvatur Bjarnason bankastjóri. Erindi hans var að kaupa af okkur þetta nýja og fallega hús þar sem var svo gaman, og hafa milligaungu fyrir Íslandsbanka í því að faðir minn skyldi í staðinn fá jörð uppí sveit af Páli nokkrum Vídalín, frægum hrossakaupmanni.



Hér er sameiginlegt orðalag undirstrikað, hvort sem um er að ræða sömu orðmyndir eða mismunandi beygingarmyndir sömu orða. Skyldleiki textanna er augljós en sameiginlegt orðalag ekki ýkja mikið. Þetta taldi Hæstiréttur þó óheimila notkun á frumtexta, vegna þess að ekki var vitnað til hans á skýran hátt.

En í fræðilegri umræðu er það ekki eingöngu hinn lagalegi skilningur á höfundarrétti sem skiptir máli. Þar er ekki síður nauðsynlegt að virða hinn siðferðilega rétt á hugmyndum, kenningum, aðferðum, rannsóknaniðurstöðum o.s.frv. Það er erfitt eða útilokað að skilgreina þessa þætti nákvæmlega, og því hafa þeir ekki verið felldir í lög. En það er samt forsenda alls fræði- og vísindastarfs að þessi réttur sé virtur.

Í Háskóla Íslands er tekið mjög hart á ritstuldi. Um hann er fjallað í [54. grein reglna Háskólans](#) nr. 569/2009, en þar segir:

Stúdentum er algerlega óheimilt að nýta sér hugverk annarra í ritgerðum og verkefnum, nema heimilda sé getið í samræmi við viðurkennd fræðileg vinnubrögð.

Hugvísindasvið hefur samþykkt sérstakar [verklagsreglur](#) um viðbrögð við ritstuldi. Þar eru m.a. tiltekin viðurlög sem eru mismunandi eftir alvarleik brotsins. Ef um minniháttar brot er að ræða fær nemandinn 0 fyrir viðkomandi verkefni en gefst kostur á að skila því að nýju. Dæmigerð viðurlög eru 0 fyrir viðkomandi námskeið og skrifleg áminning deildarforseta. Alvarleg brot geta varðað brottvísun úr skóla.

Athugið þó að hvorki er nauðsynlegt né eðlilegt að vitna í heimildir um alkunnar og almennt viðurkenndar staðreyndir. Það væri t.d. óeðlilegt að bera Sölva Sveinsson fyrir því að íslenska sé germanskt mál, enda þótt það komi fram í *Íslenskri málsögu* hans; þetta er einfaldlega hluti af almennri þekkingu, og það verður oft hjákátlegt að vitna í heimildir um slíka hluti. Ef þið hélduð því aftur á móti fram í ritgerð að íslenska væri orðflest germanskra mála yrði ætlast til að þið færðuð einhver rök fyrir því; vitnuðuð í einhverjar heimildir þar sem sýnt væri fram á þetta. Auðvitað koma oft upp markatilvik, þar sem maður er ekki viss um hvort ástæða sé til að vitna í heimild eða ekki. Þá er rétt að hafa þá reglu að vitna frekar meira en minna í heimildir.

### 3.4 Vísað í heimildir

Meginreglan er sú að vitna beint í heimild, en ekki gegnum aðra heimild. Ef þið viljið vitna í *Fyrstu málfræðiritgerðina* þá vitnið þið í ábyggilega útgáfu hennar, en ekki í einhverja málsögu þar sem einstakar málsgreinar úr ritgerðinni eru teknar upp. Ef þið ætlið að vitna í umræður á Alþingi vitnið þið í *Alþingistíðindi*, en ekki það sem einhver þingmaður heldur fram að annar þingmaður hafi sagt í einhverjum umræðum. Fyrir þessari reglu eru a.m.k. tvær ástæður. Önnur er sú að í hvert skipti sem vitnað er í heimild fer fram val; sá sem vitnar í heimildina ákveður að taka þetta en ekki hitt, og val hans er háð ýmsum atriðum, svipað því sem áður var sagt um mun frumheimilda og eftirheimilda. Hin ástæðan er sú að þegar tilvitnanir eru teknar upp er alltaf nokkur hætta á að villur slæðist inn; og sú hætta eykst auðvitað ef vitnað er í heimild gegnum millilið.

Vissulega geta þó komið upp þær aðstæður að nauðsynlegt sé að vitna gegnum millilið, ef ekki næst með nokkru móti til frumheimildarinnar; hún er t.d. ekki til í landinu eða jafnvel alls ekki til lengur — hefur kannski brunnið eða glatast. Þá verður að koma skýrt fram að vitnað sé um millilið, og hver sá milliliður sé. Á eftir tilvitnuninni verður þá að standa eitthvað á þessa leið: (Guðbrandur Þorláksson 1589, tilvitnað eftir Kjartani G. Ottóssyni 1990). En ég legg áherslu á að þetta er óyndisúræði, sem ekki má grípa til nema í neyð.

Þessu tengist sú spurning hvort rétt sé eða leyfilegt að vitna í þýðingar tiltekinna verka, eða hvort nauðsynlegt sé að nota alltaf frumtextann. Hér verður nokkuð að haga seglum eftir vindi. Strangt tekið er vissulega æskilegast að nota texta á frummálinu, en þess er ekki alltaf kostur vegna þess að ritgerðarhöfundur kann ekki frummálið. Þetta á t.d. við um forngrísk rit, rit á rússnesku o.s.frv. Í slíkum tilvikum er eðlilegast að nota íslenska þýðingu, sé hún til, en að öðrum kosti þýðingu á það mál sem ætla má að sé flestum lesendum aðgengilegast; ensku eða skandinavísku. Þó verður að athuga hvernig sú þýðing sem nota á er til komin. Ef íslenska þýðingin er t.d. ekki þýdd beint úr frummálinu, heldur eftir enskri þýðingu, er einboðið að nota ensku þýðinguna frekar.

Vísanir í heimildir geta verið með ýmsu móti, en rétt er að gera mun á tveimur megingundum. Annars vegar því sem kalla má **tilvitnun**, þar sem texti heimildarinnar er tekinn upp efnislega. Þar má gera mun á **beinum** eða **orðréttum** tilvitnunum, þar sem orðalag og stafsetning heimildar er tekið nákvæmlega upp, og **endursögnum**, þar sem texti heimildar er endursagður efnislega. Hins vegar er **tilvísun**, þar sem vísuð er í tiltekna heimild til stuðnings, hliðsjónar, andmæla o.s.frv., án þess að texti hennar sé notaður beint eða óbeint. Milli endursagna og tilvísana eru þó ekki alltaf skörp skil, og stundum er talað um endursagnir og tilvísanir sem óbeinar tilvitnanir. Einnig er stundum talað um að vitna í orðalag annars vegar og til efnis hins vegar.

Slíkar óbeinar tilvitnanir eru miklu algengari en beinar í fræðilegri umræðu, og þess verður stundum vart að höfundum ritgerða þykir ekki eins mikil ástæða til að vísa þar til heimilda og ef texti er tekinn orðrétt upp. Þetta er misskilningur; eins og áður er nefnt nær „höfundaréttur“ ekki bara til orðalags, heldur einnig og ekki síður til hugmynda, kenninga o.þ.h, og því er ekki síður nauðsynlegt að vísa til heimildar í þeim tilvikum. Það kemur lesanda við hvort höfundur er að segja frá frumlegri hugmynd eða greiningu, eða hvort aðrir hafa sett sömu niðurstöðu fram áður.

Þegar stuðst er við einhverja heimild verður því að vísa til hennar með einhverju móti. Ein leið er að hafa efnislega eftir heimildinni; segja t.d. „Helga Kress heldur því fram að ...“, eða „Samkvæmt greiningu Matthíasar Viðars Sæmundssonar er ...“. Ef heimild er ekki notuð á þennan hátt, heldur til samanburðar, staðfestingar, til að vísa í hliðstæða umræðu o.s.frv. er oft vísað til hennar með orðunum *sjá* eða *sbr.*, annaðhvort þar sem snerting við heimildina er nánust eða í lok efnisgreinar. Athugið að ekki er hægt að láta slíka vísun eiga við margar efnisgreina, t.d. heila blaðsíðu. Reynið að gæta sjálfstæðis gagnvart orðalagi heimilda; nota ykkar eigin orð í stað þess að taka meira og minna beint upp.

## 4. Heimildavísanir og heimildaskrá

### 4.1 Form tilvitnana

Rétt þykir að stilla beinum tilvitnunum í hóf, og hafa þær ekki mjög langar. Sé mikið um beinar tilvitnanir getur það bent til ósjálfstæðis ritgerðarhöfundar; að hann hafi ekki það mikið vald eða þekkingu á efninu að hann treysti sér til að segja mikið um það frá eigin brjósti, horfa sjálfstætt á það o.s.frv. Reynið að takmarka beinar tilvitnanir við stutt brot þar sem máli skiptir að orðalag heimildarinnar komi fram, eða þar sem lykilatriði heimildarinnar eru sett fram í stuttu og hnitmiðuðu máli þannig að ekki er þörf eða ástæða á umorðun. Vissulega geta beinar tilvitnanir átt rétt á sér við fleiri aðstæður, en mjög oft er samt hægt – og betra – að komast hjá þeim.

Beinum tilvitnunum má að sjálfsögðu ekki breyta athugasemdalaust á neinn hátt — slíkt er fölsun. Þá gildir einu hvort breytingin skiptir einhverju máli efnislega eða ekki; stafsetning heimildarinnar getur skipt máli, þótt það liggi ekki í augum uppi. Þó er leyfilegt að skjóta inn bókstaf eða -stöfum, orði eða orðum í beina tilvitnun ef eitthvað hefur augljóslega fallið niður af vangá; en þá verður að setja hornklofa um það sem skotið er inn. Ef einhverju er ofaukið, eitthvað er sérkennilegt í málfari eða bersýnilega pennaglöp eða prentvilla er rétt að láta það standa, en þá má setja [svo] innan hornklofa á eftir til að vekja athygli lesenda á því að þannig sé þetta í heimildinni, en stafi ekki af óaðgæslu þess sem tekur tilvitnunina upp.

Sé eitthvað fellt brott úr beinni tilvitnun er það sýnt með þremur punktum – hvorki fleiri né færri. Rétt er að hafa punktana innan hornklofa [...], þannig að ekki fari á milli mála að þeir séu ekki hluti frumtextans, heldur tákni úrfellingu. Ekki eru fastar reglur um hve mikinn texta má fella brott á þennan hátt. Það væri t.d. í meira lagi hæpið að taka málsgrein efst af síðu beint upp, setja síðan þrjá punkta og taka svo síðustu málsgrein síðunnar. Yfirleitt er rétt að miða við að fella aðeins brott innan úr efnisgrein, eða a.m.k. ekki heilar efnisgreinar.

Athugið líka að vitaskuld má ekki fella brott texta þannig að önnur, jafnvel þveröfug merking komi út. Þannig er algerlega óleyfilegt að taka málsgrein eins og „Ljóst er að auðlindaskattur er ekki til þess fallið að efla byggðastefnu í landinu“ og birta hana á þennan hátt: „Ljóst er að auðlindaskattur er [...] til þess fallið að efla byggðastefnu í landinu.“ Þótt formlega séð sé slík brottfelling leyfileg, vegna þess að hún er auðkennd, er hún efnislega ótæk, vegna þess að hún snýr við merkingu málsgreinarinnar. Það er vitaskuld óheimilt í fræðilegri umræðu að beita vísvitandi blekkingum af þessu tagi; láta líta svo út sem höfundur heimildar hafi allt aðra skoðun en þá sem kemur skýrt fram í riti hans. En auðvitað er oft hægt að túlka skoðanir höfundar á mismunandi vegu, og stundum misskilja menn heimildir sínar.

Beinar tilvitnanir eru felldar inn í texta með tvennu móti. Séu þær stuttar, þrjár línur eða minna, eru þær yfirleitt hafðar í gæsalöppum og felldar beint inn í samfelldan texta. Slíkar tilvitnanir eru oft ekki heilar málsgreinar, heldur látar hefjast og/eða ljúka inni í miðri málsgrein; og þá þarf stundum að laga þær að meginmálinu, þannig að þær falli á eðlilegan hátt beint inn í textann. Sé tilvitnun breytt í slíkum til-

gangi, t.d. felld orð innan úr henni eða skotið inn orðum, gegnir sama máli og um aðrar breytingar á beinum tilvitnunum; slíkar breytingar þarf að sýna á skýran hátt, samkvæmt þeim reglum sem nefndar voru hér áður, þannig að ekki fari milli mála hverju hefur verið breytt.

Lengri beinar tilvitnanir eru hins vegar oftast inndregnar, a.m.k. frá vinstri og stundum frá hægri líka; oft afmarkaðar með auknu bili frá meginmáli, bæði á undan og eftir; og oft með smærra letri og/eða minna línubili en meginmálið. Þá eru gæsalaппir ekki notaðar; litið er svo á að inndrátturinn, og leturbreyting og línubil ef um það er að ræða, nægi til að afmarka textann sem tilvitnun, og gæsaloппum sé því ofaukið. Gæta þarf þess vel að taka orðrétt upp og einnig stafrétt og breyta engu; leiðréttá ekki auðsæjar villur nema láta þess getið. Það er erfðara en margur hyggur að taka rétt upp, og nauðsynlegt að fara vel yfir allar beinar tilvitnanir oftar en einu sinni.

Oft þykir ástæða til að vekja athygli á einhverju eða leggja sérstaka áherslu á eitthvað í beinni tilvitnun. Það er eðlilegast að gera með leturbreytingu, skáletra eða feitiletra orðið eða orðin sem um er að ræða. Slíka breytingu má þó ekki gera athugasemdalaust; hún jafngildir því að orðalagi sé breytt. Ef letri er breytt af þessum sökum verður að geta þess; annaðhvort strax á eftir breytingunni, og þá innan hornklofa vegna þess að athugasemdin lendir inni í tilvitnuninni; eða eftir að tilvitnuninni lýkur, og þá dugir að hafa skýringuna í sviga. Í slíkum tilvikum setur höfundur þá oft upphafsstafi sína á eftir skýringunni, t.d. [leturbreyting mín, E.R.]. Einnig getur stundum verið ástæða til að skjóta inn nánari skýringu á tilteknu atriði sem ekki er augljóst af þeim texta sem tekinn er upp. Þá er heimilt að gera það, en sú skýring verður að vera innan hornklofa og merkt ritgerðarhöfundi.

Í fræðiritum þarf ekki síður að vitna í heimildir á erlendum málum en íslensku, og þá vaknar sú spurning hvernig eigi að fara með slíkar tilvitnanir; hvort eigi að birta þær á frummálinu eða þýða þær. Almenna reglan er sú að orðréttar tilvitnanir eru birtar á frummálinu. Munið það sem áður var sagt, að rétt er að fara sparlega með orðréttar tilvitnanir, og nota þær einkum þegar nákvæmt orðalag skiptir máli. Ef tilvitnunin er þýdd á annað mál er sú forsenda hvort eð er fallin brott, því að hversu nákvæm sem þýðingin er þá er orðalagið þýðandans en ekki höfundarins. Í slíkum tilvikum gerir endursögn sama gagn og er miklu eðlilegri, því að hún þykir ekki vera annað en hún er.

Stundum er þó farin sú leið að hafa tilvitnunina á frummáli inni í meginmálinu en birta íslenska þýðingu hennar í neðanmálgrein, eða öfugt. Þá hefur lesandinn báðar gerðirnar fyrir sér, og getur valið hverja hann notar. Þægilegast er fyrir hann að nota íslensku þýðinguna, en ef hann vill ganga úr skugga um að örugglega sé farið rétt með getur hann alltaf skoðað frumtextann. Höfundurinn losnar þá undan þeirri ábyrgð að túlka orðalag heimildarinnar, og varpar henni yfir á lesandann. En vitaskuld fer það eftir eðli og markhóp ritsmíðarinnar hvaða leið er farin í þessu efni. Í grein ætlaðri almenningi þætti væntanlega ástæðulaust að birta frumtextann; en þar er líka lítil ástæða til að hafa orðréttar tilvitnanir yfirleitt.

Æskilegt er að hafa tilvitnanir og tilvísanir eins nákvæmar og mögulegt er. Það er vitanlega ekki nóg að skrifa „Vésteinn Ólason hefur sýnt fram á að ...“ án þess að nefna hvaða rit Vésteins er stuðst við; og það er ekki heldur nóg að skrifa „Í *Íslenskri bókmenntasögu* hefur Vésteinn Ólason sýnt fram á að ...“. Þar er um að ræða margra binda verk, og því gæti verið afar seinlegt að finna þann stað sem vísað er í; en eins og áður er nefnt eiga tilvísanir í heimildir að vera sannreynanlegar. Meginreglan er sú að vísa í blaðsíðutal, þar sem því verður við komið. Auðvitað á það ekki alltaf við, t.d. þegar vísað er almennt til efnis heillar bókar, eða í meginniðurstöðu hennar.

## 4.2 Tilvísanir í texta

Mörg tilvísana- og heimildaskrárkerfi eru til – sum útbreidd og notuð á mörgum sviðum, önnur takmarkaðri og sérhæfðari. Flest fræðileg tímarit gefa út eigin leiðbeiningar um þessi atriði og verða höfundar að kynna sér þær áður en þeir senda ritunum greinar til birtingar. Hér verður mælt með [APA](#)-kerfinu, frá Bandaríska sálfræðifélaginu (American Psychological Association). Það er notað í mörgum fræðigreinum innan Háskóla Íslands og er t.d. kynnt í *Gagnfræðakveri handa háskólanemum* eftir Friðrik H. Jónsson og Sigurð J. Grétarsson. Kerfi tímaritsins [Íslensks máls](#) er svipað APA en með nokkrum afbrigðum. Í því er vísað í heimildir inni í textanum með nafni höfundar, ártali heimildar og blaðsíðutali (á eftir „bls.“).

- Þetta er stundum kallað „öfug orðaröð“ (Jakob Jóh. Smári, 1920, bls. 178).
- Á þetta hefur áður verið bent (sbr. Chomsky, 1965).

Athugið að venja er að nota fullt nafn íslenskra höfunda en eftirnafn erlendra höfunda í slíkum tilvísunum; og milli höfundarnafns og ártals er komma en ekki punktur. Fullar upplýsingar um ritið eru svo í heimildaskrá; titill, útgefandi, útgáfustaður o.fl.

Stundum er nafn höfundar hluti textans, einkum í efnislegum endursögnum:

- Eins og Comrie bendir á (1981, bls. 80) er hér strangt tekið ekki verið að tala um röð **orða**, heldur **stofnhluta** setningar.
- Greenberg (1966, bls. 76) taldi að af sex mismunandi röðum áðurnefndra liða sem hugsanlegar væru kæmu aðeins þrjár fyrir svo að heitið gæti.
- Skipting tungumála í hópa eftir grundvallarorðaröð er komin frá Greenberg (1966).

Stundum er nafn höfundar, ártal og blaðsíðutal allt innan svigans, einkum í beinum tilvitnunum og tilvísunum:

- A dominant order may always occur, but its opposite, the recessive, occurs only when a harmonic construction is likewise present (Greenberg, 1966, bls. 97).
- Hún hefur líka verið fyrsta liðgerðarregla flestra kennslubóka í generatífri setningafræði ensku (t.d. Baker, 1978, bls. 36; Perlmutter & Soames, 1979, bls. 26) [...]

- [...] ekki er hægt að sjá að ein þeirra sé tekin fram yfir aðrar (sjá Comrie, 1981, bls. 82).

Tilvísun í heimild, hvort sem um er að ræða höfundarnafn og ártal eða númer neðanmálgreinar, getur komið hvort heldur er á undan eða eftir því efnisatriði sem hún á við; það fer eftir samhengi og aðstæðum. Meginatriðið er að enginn vafi sé á því við hvaða efnisatriði heimildartilvísunin á.

Hér kemur tilvísun í heimild á undan efnisatriði sem hún á við:

- Greenberg (1966, bls. 76) taldi að af sex mismunandi röðum áður nefndra liða sem hugsanlegar væru kæmu aðeins þrjár fyrir svo að heitið gæti [...].
- [...] Chomsky bendir á (1957, bls. 80) að þetta eru „simple, declarative, active sentences“; þ.e. sams konar setningar og Greenberg (1966, bls. 76-77) lagði til grundvallar sinni flokkun.
- Li & Thompson (1976) hafna því, a.m.k. sem algildi.

Hér kemur tilvísunin aftur á móti á eftir efnisatriðinu sem hún á við:

- Hlutverk liðgerðarreglnanna er m.a. að „determine the ordering of elements in deep structures“ segir Chomsky (1965, bls. 123) [...]
- Vaninn er að miða við ákveðna setningagerð, **fullyrðingarsetningar** (declarative sentences, sjá t.d. Greenberg, 1966, bls. 76-77; Vennemann, 1974, bls. 344) [...]
- Oftast benda þau í sömu átt (sbr. Li & Thompson, 1976, bls. 169).

Ekki þarf umbúðir um tilvísun; höfundarnafn, ártal (og blaðsíðutal, ef við á) er nóg:

- Kjarnasetningar (kernel sentences) eru skilgreindar sem þær setningar sem aðeins skyldubundnar ummyndanir [...] hafa verkað á (Chomsky, 1957, bls. 45) [...].

Oft er heimildartilvísun aftast í beinni tilvitnun, og þá er punktur (eða annað greinarmerki ef um það er að ræða) hafður á eftir tilvitnuninni og einnig settur punktur á eftir svigagreininni:

- „A dominant order may always occur, but its opposite, the recessive, occurs only when a harmonic construction is likewise present.“ (Greenberg, 1966, b s. 97).

Þessi aðferð við heimildartilvísanir hefur ýmsa kosti að mínu mati. Hún tekur lítið pláss, þar sem heimildin er aldrei nefnd nema í heimildaskránni sjálfri. Vissulega finnst mörgum að ártölin veiti litlar upplýsingar – mun minni en fengjust með því að nefna titla í neðanmálgreinum. Á móti kemur að lesendur sem kunnugir eru viðkomandi sviði læra fljótt að tengja ártölin við ákveðin rit; allir sem einhverja nasasjón hafa af málfræði vita t.d. strax hvað (Chomsky, 1957) merkir, eða (Hreinn Benediktsson, 1959). Þess vegna fær lesandinn oft fullnægjandi upplýsingar um heimildartilvísanir

höfundar inni í meginmálinu sjálfu, í stað þess að þurfa að líta í neðanmálgrein – að ekki sé talað um ef neðanmálgreinarnar eru ekki neðanmáls, heldur aftanmáls.

Ef vísað er í fleiri en eitt rit eftir sama höfund frá sama ári eru ritin aðgreind með bókstöfum næst á eftir ártalinu; (Kossuth, 1978a; Kossuth, 1978b) o.s.frv. Sé vísað í tvö eða fleiri slík rit í sömu heimildatilvísun er stundum látið nægja að nefna höfund og ártal einu sinni, en síðan bókstafi eftir þörfum; (Kossuth, 1978a, b). Ef vísað er oft í sömu heimild, einkum ef það er með stuttu millibili, er hægt að stytta tilvísunina og nota t.d. aðeins upphafsstafi höfundar. Þá er þess getið í fyrsta skipti, t.d. „Hreinn Benediktsson (1959) (hér eftir HB)“. Sé þetta gert þarf að gæta vel samræmis við heimildaskrár, sbr. hér á eftir.

Sé þessi aðferð við heimildatilvísanir notuð verða neðanmálgreinar yfirleitt til-  
tölulega fáar. Þær eru þá einkum notaðar til einhvers konar útdúringu; til að koma að efnisatriðum sem höfundur þykja skipta máli, en eru samt ekki ómissandi hluti meginmálsins. Þar getur verið um að ræða tengingu við skrif annarra, sögulegan bakgrunn, og ýmislegt fleira sem gæti rofið eða truflað framvindu meginmálsins og þá röksemdafærslu sem þar er að finna. Einnig getur þar verið ítarlegri röksemdafærsla fyrir tilteknum atriðum en ástæða þykir til að hafa í meginmáli, dæmi, fyrirvarar o.fl. Stundum eru aftanmálgreinar notaðar í sama tilgangi, en þær eru þá aftan við meginmál ritgerðarinnar (eða stundum aftan við hvern kafla, ef um langa ritgerð eða bók er að ræða). Í sjálfu sér er það fyrst og fremst formsatriði hvar slíkir útdúringar eru staðsettir, en aftanmálgreinar vilja þó oft vera lengri en neðanmálgreinar.

Önnur aðferð, sem oft er notuð t.d. í bókmenntafræði og sagnfræði, er sú að hafa allar heimildatilvísanir neðanmáls og setja tákn um neðanmálgrein þar sem ástæða þykir til að vísa í heimild. Þá er heimildin oft tilgreind nákvæmlega þegar hún er nefnd í fyrsta skipti; höfundur, titill, útgefandi, útgáfustaður, útgáfuár o.s.frv. Sé vísað til sömu heimildar síðar er hins vegar oftast notuð einhvers konar stytting, t.d. bara höfundur og (stytur) titill. Misjafnt er hvort sérstök heimildaskrá fylgir þegar þessi háttur er hafður á. Ég mæli eindregið með því að hafa líka heimildaskrá; það gerir lesanda oft erfitt fyrir ef ekki er hægt að sjá í fljótu bragði hvaða heimildir höfundur hefur notað. Minnst þess að ein meginnot okkar af heimildum felast í því að láta þær vísa okkur á aðrar heimildir á fljótlegan hátt, og það gera þær ekki ef fara þarf í gegnum hverja einustu neðanmálgrein í þeim tilgangi.

Athugið að í sjálfu sér er hugsanlegt – og stundum gert – að blanda saman þeim tveim aðferðum við tilvísanir sem hér hafa verið nefndar. Þá er vísað í heimildir með nafni höfundar og ártali, en tilvísunin hins vegar ekki felld inn í meginmálið, heldur höfð neðanmáls. Þetta þykir mér þó óeðlilegt. Meginástæðan fyrir því að hafa tilvísanir neðanmáls, frekar en fella þær inn í meginmál, hlýtur að vera sú að koma meiri upplýsingum á framfæri en felast í nafni og ártali; en það fer ekki vel á að rjúfa meginmálið með löngum runum. Ef heimildatilvísun er aftur á móti bara nafn og ártal rýfur hún meginmálið svo lítið að varla er ástæða til að amast við því, og þess vegna ekkert unnið með því að setja hana í neðanmálgrein.

### 4.3 Heimildaskrá

Mikilvægt er að gæta samræmis milli heimildatilvísana inni í texta og heimildaskrárinnar sjálfrar. Sé vísað í höfund og ártal inni í textanum verður að byggja heimildaskrána upp á sama hátt; hafa þar fyrst höfundarnafnið og síðan útgáfuár heimildarinnar, innan sviga. Skránni er raðað í stafrófsröð eftir nöfnum höfunda, og fullt nafn tilgreint, ef kostur er. Íslenskum höfundum er raðað á eigin nafn en erlendum á ættarnafn, og þá komma milli þess og eigin nafns. Stundum er reyndar látið duga að nota upphafsstaf eða -stafi í eigin nafni eða -nöfnum erlendra höfunda.

Ef höfundar eru færri en þrjú eða færri eru allir taldir upp, en séu þeir fleiri er oft (þó ekki alltaf) látið nægja að nefna þann fyrsta og bæta síðan við „o.fl.“ („et al.“ ef verið er að skrifa á ensku). Punktur er hafður á eftir höfundarnafni og líka á eftir ártali. Sé vitnað í fleiri en eitt rit eftir sama höfund er notað langt strik í stað nafnsins í öðrum heimildum en þeirri fyrstu. Ef heimild tekur fleiri en eina línu er venja að aðrar línur en sú fyrsta séu inndregnar um 3-5 stafbil (sk. „hangandi inndráttur“ (e. *hanging indent*)). Stundum er haft meira línubil milli heimilda en innan þeirra, en það er þó ekki algilt.

Á eftir ártalinu kemur nafn þeirrar heimildar sem vísað er í; bókar eða greinar. Ef um bók er að ræða er titillinn skáletraður, og punktur á eftir. Síðan koma oft frekari upplýsingar um bókina, s.s. um undirtitil, ritröð, útgáfu, ritstjóra o.fl., allt með venjulegu (beinu) letri, og punktur á eftir. Að lokum kemur útgáfustaður, þá tvípunktur og á eftir honum nafn forlags og að lokum punktur.

- Björn Guðfinnsson. (1958). *Íslensk málfræði handa framhaldsskólum*. 6. útg. Eiríkur Hreinn Finnbogason annaðist útgáfuna. Reykjavík: Ríkisútgáfa námsbóka.

Ef heimildin er grein í tímariti er titill hennar (næst á eftir ártalinu) með beinu letri. Þá kemur titill tímaritsins skáletraður, og að lokum árgangur og blaðsíðutal. Komma er á eftir bæði titli og árgangi. Útgefanda og útgáfustaðar er ekki getið.

- Andrews, Avery. (1971). Case Agreement of Predicate Modifiers in Ancient Greek. *Linguistic Inquiry*, 2, 127–151.

Sé um að ræða kafla í bók kemur kaflaheitið næst á eftir ártali. Síðan kemur „Í“ og svo nafn ritstjóra safnritsins, ef um það er að ræða, og (ritstj.), í sviga á eftir. Þá kemur titill ritsins skáletraður, komma á eftir honum, og síðan blaðsíðutal kaflans (á eftir „bls.“). Að lokum kemur útgáfustaður, tvípunktur, og nafn forlags.

- Clear, Jeremy. (1987). Computing. Í John Sinclair (ritstj.), *Looking Up. An Account of the COBUILD Project in Lexical Computing* (bls. 41-61). London: Collins.

Ef um er að ræða efni á vef fer skáletraður titill heimildar næst á eftir ártali. Síðan kemur dagsetning þegar heimildin var skoðuð og að lokum slóðin á síðuna.



- Eiríkur Rögnvaldsson. (2008). *Framtíð íslensku innan upplýsingatækninnar*. Sótt 4. nóvember 2009 af <http://notendur.hi.is/eirikur/ut.pdf>.

Handrit frá fyrri öldum eru yfirleitt ekki skráð á höfund, heldur á [safnmark](#) sem skiptist í þrennt; skammstöfun safns, t.d. Lbs, AM, JS; númer handrits; og stærðartákn – fol, 4to, 8vo. Síðan kemur heiti handrits með beinu lettri, og þá nánari lýsing á efni þess í hornklofa, ef um ræðir:

- Sthm. Perg. 15 4to. Íslenska hómilíubókin.
- Lbs 220 8vo. [Uppskrift úr orðasafni eftir Hallgrím Scheving.]

Þegar óprentuð ritgerð er notuð sem heimild er í stað útgáfustaðar og forlags vísað til skóla sem ritgerðin hefur verið skrifuð við.

- Helgi Bernódusson. (1982). *Ópersónulegar setningar*. Óbirt kandiðatsritgerð í íslenskri málfræði: Háskóli Íslands.
- Sigurður Konráðsson. (1982). *Málmörk og blendingssvæði*. Nokkur atriði um harðmæli og linmæli. Óbirt námsritgerð: Háskóli Íslands.

Stundum er heimildum raðað á titil, oft skammstafaðan, í stað höfundar. Þetta á t.d. við um óhöfundargreind fornrit, orðabækur sem eru verk margra, ýmiss konar safnrit o.fl. sem erfitt er að tilgreina ákveðinn höfund eða höfunda að. Ártal er þá haft aftast.

- DI = *Diplomatarium Islandicum, Íslenzkt fornbréfasafn* 12, 1. Reykjavík: Hið íslenska bókmentafélag, 1923.
- ÍO = *Íslensk orðabók*. 3. útg. Ritstjóri Mörður Árnason. Reykjavík: Edda, 2000.
- Ljósv = *Ljósvefninga saga*. Íslenzk fornrit 10. Björn Sigfússon gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1940.

Nánari upplýsingar um form tilvitnana og heimildaskráa í APA-kerfinu má finna á <http://www.apastyle.org/learn/faqs/index.aspx>.

Nauðsynlegt er að gæta þess að fullt samræmi sé milli tilvísunar í texta og heimildaskrár. Lesandinn á kröfu á því að geta gengið beint og umsvifalaust að heimild eftir tilvísun í textanum. Þetta þýðir t.d. að það er algerlega óheimilt að vísa í *Íslenska orðabók* (2000) í texta, en raða ritinu síðan á ritstjórnann, Mörð Árnason, í heimildaskránni. Lesandinn er ekkert skyldugur til að vita hver var ritstjóri orðabókarinnar; og hann má ekki grípa í tómt ef hann flettir ritinu upp undir *i* í heimildaskránni. Ef heimildatilvísun hefur verið styttni í texta, þannig að t.d. „HB“ er látið standa fyrir „Hreinn Benediktsson (1959)“ verður lesandinn að geta flett upp á „HB“ í heimildaskránni, og fundið eitthvað sem svo: „HB=Hreinn Benediktsson (1959).“ Undir „Hreinn Benediktsson (1959)“ er síðan að finna nánari upplýsingar um heimildina.

En ekki er síður ástæða til að gæta samræmis milli skráningar í heimildaskrá og heimildarinnar sjálfar. Þannig verður t.d. að gæta þess vel að stafsetning í ritinu kann

að vera önnur en sú sem nú gildir, og ef rit heitir *Íslensk málfræði* með *z* verður að skrá það þannig í heimildaskrá. Athugið líka vel að fara eftir því sem stendur á titilblaði heimildarinnar. Stundum er ósamræmi milli þess sem stendur á kili eða kápu og upplýsinga á titilblaði, og þá er það titilblaðið sem gildir.

Oft velta menn því fyrir sér hvaða rit eigi að hafa í heimildaskrá, og mörgum hættir til að þenja heimildaskrána út; setja þar alls kyns rit sem þeir hafa litið í við ritgerðarsmíðina, án þess að í þau sé nokkurn tíma vitnað. Það er rangt. Í heimildaskrá eiga aðeins að vera þau rit sem hafa nýst höfundu beint, og ef þau hafa nýst beint á að vísa til þeirra þar sem þess gagns sér stað. Ef höfundur telur sig hafa haft gagn af einhverju riti og vill þess vegna hafa það í heimildaskrá, en hefur aldrei vísað í það í ritgerðinni, þarf hann að athuga sinn gang. Ef hann getur ekki fundið neinn stað í ritgerðinni þar sem honum finnst eðlilegt að vísa í heimildina getur það bent til þess að hún hafi ekki nýst honum neitt, þótt honum hafi fundist það, og þá á að sleppa henni úr heimildaskrá. Stundum getur höfundur tengt heimildina lauslega við einhvern kafla, þótt hann geti ekki tengt hana við neitt einstakt efnisatriði í honum, og þá er hægt að segja aftast í kaflanum: „Í þessum kafla hefur m.a. verið höfð hliðsjón af hugmyndum Jóns Jónssonar (1987) um þetta efni.“

## 5. Málsnið og málnotkun

### 5.1 Íslensk málstefna – rétt mál og rangt

Íslensk málstefna hafði til skamms tíma sjaldnast verið sett fram berum orðum en við getum væntanlega sagt að hún hafi í stórum dráttum falist í því að sporna við málbreytingum og hafna erlendum orðum, nema ekki verði samkomulag um íslensk orð sömu merkingar og útlendu orðin falli inn í íslenskt hljóð- og beygingakerfi. Þetta er í samræmi við álit nefndar sem menntamálaráðherra skipaði árið 1985, og hafði það hlutverk að semja álitargerð um málvöndun og framburðarkennslu í grunnskólum. Nefndin skilaði álitinu haustið 1986, og birtist það síðar á prenti í bókinni *Mál og samfélag* 1988. Nefndin sagði þar m.a.:

Íslendingar hafa sett sér það mark að varðveita tungu sína og efla hana.

Með varðveislu íslenskrar tungu er átt við að halda órofnu samhengi í máli frá kynslóð til kynslóðar, einkum að gæta þess að ekki fari forgörðum þau tengsl sem verið hafa og eru enn milli lifandi máls og bókmennta allt frá upphafi ritaldar.

Með eflingu tungunnar er einkum átt við að auðga orðaforðann svo að ávallt verði unnt að tala og skrifa á íslensku um hvað sem er, enn fremur að treysta kunnáttu í meðferð tungunnar og styrkja trú á gildi hennar. Varðveisla og efling eru ekki andstæður. Eðli málsins, formgerð þess og einkenni eiga að haldast. En málið á að vaxa líkt og tré sem heldur áfram að vera sama tré þótt það þroskist og dafni.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að **málvenja** hlyti að vera meginviðmið í dómum um rétt mál og rangt. „Nauðsynlegt er að átta sig vel á því að rétt mál er það sem er í samræmi við málvenju, rangt er það sem brýtur í bága við málvenju“, segir nefndin (sjá *Mál og samfélag*, bls. 56). Nefndin segir enn fremur:

Þótt algengast sé að allir hafi sömu málvenju, eru stundum uppi tvær venjur eða fleiri um sama atriðið og er mikilvægt að gera sér grein fyrir því. Þetta eru þá oft að nokkru leyti staðbundin máleinkenni eða mállýskur.

Samkvæmt því sem nú var sagt um rétt mál og rangt er það rétt mál sem er í samræmi við þessar málvenjur eða mállýskur, þ.e. oft er um fleiri en einn réttan kost að velja.

Hún bendir einnig á „að með málvenju er ekki átt við einstaklingsbundin tilbrigði í máli. Tiltekið atriði getur ekki orðið rétt mál við það eitt að einn maður temji sér það.“ Að síðustu má vekja athygli á því að nefndin segir „í samræmi við meginstefnuna í málvernd að reyna að sporna gegn nýjum málsíðum með því að benda á að þeir séu ekki í samræmi við gildandi málvenjur. Þar er þá um að ræða vísa að málbreytingum.“

Árið 2007 hófst Íslensk málnefnd handa um mótun íslenskrar málstefnu sem hefði það að meginmarkmiði „að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags“. Tillögur nefndarinnar að málstefnu voru gefnar út í bæklingnum

[Íslenska til alls](#) á degi íslenskrar tungu 2008. Tillögurnar voru síðan samþykktar óbreyttar sem ályktun Alþingis 12. mars 2009. Nú liggur því í fyrsta skipti fyrir formleg stefna stjórnvalda í málefnum íslenskrar tungu.

## 5.2 Tilbrigði í máli – málsnið

Því er oft haldið fram að íslenskan sé ein og hafi alltaf verið; það sé t.d. rangt að tala um forníslensku og nútímaíslensku sem tvö afbrigði málsins, hvað þá tvö mál. Samfellan í málinu sé slík að öll svona skipting sé villandi. Þó er hægt að halda því fram með góðum rökum að til sé margs konar íslenska; yfirbragð málsins getur verið með ýmsu móti. Orðaval getur verið ólíkt, og menn leggja stundum mismunandi merkingu í einstök orð. Ýmis atriði í setningagerð geta verið mismunandi, ekki síst orðaröð. Sum orð geta beygst á fleiri en einn hátt, og sum orð hafa fleiri en eina mynd. Þá getur framburður og framsögn verið með ýmsu móti; og svo mætti lengi telja.

Hér má nefna fáein dæmi til skýringar. Sögnin *dingla* merkti áður fyrr ‘sveiflast’, en merkir nú í máli margra ‘hringja bjöllu’. Atviksorð geta staðið á mismunandi stöðum í setningu; það er bæði hægt að segja *ég veit auðvitað ekki hvort hann kemur* og *ég auðvitað veit ekki hvort hann kemur*. Notkun svokallaðra **gagnverkandi fornafna** er talsvert á reiki; margir segja *þeir litu hvor á annan* en einnig er algengt að segja *þeir litu á hvorn annan*. Framburður ýmissa orða getur líka verið á fleiri en einn veg; orð eins og *klósettið* er bæði hægt að bera fram „eins og það er skrifað“, og einnig stytta það um eitt atkvæði og segja „klóstið“. Svona er hægt að halda áfram að tína til tilbrigði af ýmsu tagi.

Tilbrigði eins og þau sem nefnd eru hér að framan eru oft kölluð mismunandi **mállýskur**. Það er þó einkum gert ef þau tengjast ákveðnum landshlutum, og þá er talað um norðlensku, vestfirsku o.s.frv.; eða ákveðnum þjóðfélagshópum, og þá er talað um yfirstéttarmál, unglíngamál o.s.frv. En ýmis tilbrigði eru þó af öðrum toga; tengjast hvorki landshlutum né þjóðfélagshópum, heldur ytri aðstæðum málsins hverju sinni, svo og þeim miðli sem notaður er. Þá er fremur talað um **málsnið**. Með málsniði er átt við heildaryfirbragð málsins, sem mótast af aðstæðum hverju sinni. Þótt við hugsum sjaldnast út í það lögum við oftast mál okkar að aðstæðum; miðum það við aldur viðmælenda, menntun þeirra, fjölda, hvort um er að ræða einkasamtal, fyrirlestur á ráðstefnu eða frétt í sjónvarpi; o.s.frv. Venjulega gerum við þetta áreynslulaust, og hvorki tökum eftir því sjálf né þeir sem hlusta á okkur. Aftur á móti hrökkvum við í kút ef þetta bregst; ef rangt málsnið er notað.

Hvað er það sem mótar eða ákvarðar málsnið? Í fyrsta lagi er það miðillinn; hvort málinu er miðlað í rituðu formi eða töluðu. Það er verulegur munur á dæmigerðu málsniði ritmáls og dæmigerðu málsniði talmáls. Þarna má einnig nefna þriðju tegundina, mál í talmiðlum (útvarpi og sjónvarpi); við komum nánar að því síðar. Í öðru lagi skiptir máli hver vettvangurinn er. Málsniðið er ólíkt eftir því hvort við erum að tala við kunningja okkar undir fjögur augu, flytja fyrirlestur á ráðstefnu frammi fyrir tugum áheyranda, eða skrifa grein í dagblað. Í þriðja lagi hefur mælandinn að

sjálfsögðu mótandi áhrif á málsniðið. Konur tala að einhverju leyti öðruvísi en karlar; menntun mælandans hefur áhrif á málfar hans; og staða hans í þjóðfélaginu líka. En það er ekki bara hjá mælandanum sem þessir þættir skipta máli; viðmælandinn mótir líka málfar mælandans. Við tölum öðruvísi við afa og ömmu en við jafnaldra okkar, og við tölum öðruvísi við kennarann en skólasystkini okkar.

**Málsnið** er ekki ýkja gamalt hugtak og ekki mjög þekkt. Hins vegar kannast flestir við að talað sé um mismunandi **stíl** í svipaðri merkingu. Og vissulega eru þetta skyld hugtök og mörkin milli þeirra ekki alltaf skýr. Þó má segja að málsnið mótist af aðstæðum, tilgangi, miðli o.þ.h., og snúi að dæmigerðum búningi málsins í einhverju tilteknu samhengi. Stíll tengist aftur á móti fremur einstaklingum, tilteknum bókmenntategundum o.s.frv. Þannig er talað um stíl Laxness og Þórbergs, Íslendingasagnastíl, Biblíustíl o.s.frv.

Málsnið getur verið misjafnlega formlegt, og við getum lítið á nokkur atriði sem greina eða geta greint milli formlegs og óformlegs málsniðs. Í fyrsta lagi er orðaval hnitmiðaðra í formlegu málsniði; þar eru oft notuð orð sem eru bundin við ritmál, íslensk nýyrði eru notuð í stað erlendra tökuorða og slettna, o.s.frv. Í talmálinu er orðaval kæruleysislegra, notuð ýmis orð sem sjaldan eru sett á prent, og tökuorð og slettur mun algengari en í ritmáli.

Í öðru lagi er oft munur á setningagerð, ekki síst orðaröð. Í formlegu málsniði er óbein orðaröð algeng, þannig að setningar byrji á sögninni; *Leggur hann nú af stað*. Einnig er algengt að lýsingarhættir (og lýsingarorð) komi á undan aðalsögn í ákveðnum setningagerðum; *Talið er að ...; Ljóst þykir nú að ...* Í óformlegu málsniði eru þessi tilbrigði sjaldgæf; þar er frumlagið venjulega á undan sögn, og lýsingarhættir fyrir aftan aðalsögn.

Í þriðja lagi er framsögn oft ólík. Í formlegu málsniði má búast við fremur hægu og settlegu tali, þar sem fremur lítið er um brottföll og samlaganir í framburði. Óformlegt tal er hins vegar oft fremur hratt og kæruleysislegt, með talsverðum brottföllum og samlögunum.

Málsnið getur líka verið misjafnlega vandað. Munur vandaðs og óvandaðs málsniðs fellur að nokkru leyti saman við muninn á formlegu og óformlegu málsniði, en þó er nauðsynlegt að halda þessu aðgreindu. Óformlegt málsnið getur sem best verið vandað, og formlegt málsnið getur líka stundum orðið óvandað.

Í vönduðu málsniði eru fremur notuð íslensk orð og þjál nýyrði. Í óvönduðu málsniði má búast við ýmiss konar slangri og slettum; en nýyrði geta líka verið rangt mynduð eða svo illa mynduð, t.d. löng og klúðursleg, að þau séu óvönduð, þótt þau séu af íslenskri rót.

Í vönduðu málsniði eru orð beygð „rétt“, þ.e. í samræmi við „viðurkennda“ málvenju. Þannig er sagt *litu hvor á annan* en ekki *litu á hvorn annan*, *áratugar* en ekki *áratugs*, *vegna aukningar* en ekki *vegna aukningu* o.s.frv.

Í vönduðu málsniði eru málsgreinar fremur stuttar og einfaldar, lítið um innskotssetningar og gætt vel að innbyrðis samræmi í málsgreinunum. Í óvönduðu málsniði eru málsgreinar oft langar og klúðurslegar, og uppfullar af hvers kyns ósamræmi.

Í vönduðu málsniði er „hefðbundin“ merking orða virt, en forðast að nota orð í nýrri eða hæginni merkingu. Í óvönduðu málsniði er aftur á móti algengt að orð séu notuð ómarkvisst og í rangri eða hæginni merkingu.

Þegar við skrifum gefum við okkur í flestum tilvikum betri tíma til að forma hugsanir okkar en þegar við tölum, og þess vegna er minna um setningabrot o.þ.u.l. þar. Yfirleitt tökum við ekki eftir þessum mun, og höldum að talmál og ritmál sé u.þ.b. hið sama; en þar er mikill munur á. Við sjáum hann best þegar reynt er að gera ritmál að talmáli eða talað orð er sett á blað. Í venjulegu tali er það sjaldnast svo að við tölum hiklaust, mismælum okkur aldrei, hættum aldrei við hálfkláraða setningu o.s.frv. Þvert á móti; ef við töluðum án alls þessa væri það ekki eðlilegt tal. Við segjum nefnilega ýmsar setningar sem ekki eru í samræmi við málkunnáttu okkar. Við vitum vel að í íslensku verður að vera ákveðið samræmi milli frumlags og sagnar, að í hverri setningu verða að vera tilteknir liðir o.s.frv.; en eigi að síður segjum við oft setningar sem brjóta þessar reglur. Það er ekki vegna þess að við kunnum ekki málið, heldur vegna þess að við skipuleggjum ekki tal okkar langt fram í tímann, og ytri aðstæður spila sífellt inn í.

Dæmi um hið öfuga, þ.e. talmál sem breytt er í ritmál, sjáum við stundum í dagblöðum, þegar prentað er orðrétt það sem einhver og einhver hefur sagt t.d. í útvarpi eða í síma við blaðamann. Þetta er þó sjaldgæft, því að talað mál, með öllu sínu hiki, stami og mismælum, verður nefnilega hálf hallærislegt á prenti, þótt enginn taki eftir neinu óeðlilegu þegar hlustað er á það; og lætur jafnvel þann sem haft er eftir líta út sem hálfgerðan aula.

Það er verulegur munur á talmáli og ritmáli; en ritmál er líka misjafnlega formlegt. Það er eðlilegt að annað málsnið sé á frétt í dagblaði en grein í fræðilegu tímariti. Þetta lýtur að ýmsum þáttum; orðavali, orðaröð, nálægð höfundar o.fl. Fræðilegar ritsmíðar eru yfirleitt nokkuð ópersónulegar og formlegar, en höfundar sem skrifa í blöð og tímarit almenns efnis gera sér oft nokkuð dælt við lesandann og tala til hans á persónulegum nótum. Þetta verður auðvitað alltaf spurning um smekk að einhverju leyti.

Eins og áður er vikið að er mál í talmiðlum, útvarpi og sjónvarpi, nokkuð sér á báti. Það er nefnilega oft samið sem ritmál, en flutt sem talað mál. Þess vegna er það eiginlega sérstakur flokkur, milli ritmáls og talmáls. Vitanlega er þetta misjafnt; þessi lýsing á t.d. við fréttir, fréttaskýringar, erindi og kynningar í ýmsum tónlistarþáttum, en aðrir þættir eru oft meira og minna gerðir án handrits og því án einkenna ritmáls.

Hér má einnig nefna að með tölvupósti, spjallrásum, Fésbók og öðru slíku er orðið til nýtt samskiptaform, sem er einhvers konar millistig milli talmáls og ritmáls. Þetta er ritmál að ytra formi, en því svipar til talmáls vegna hins nána sambands sem þarna er oft milli manna, menn „segja“ eitthvað og fá strax svar, o.s.frv. Því dregur orðaval og framsetning oft mikinn dóm af talmáli. Nú hafa verið skrifaðar nokkrar BA-ritgerðir um málfar á irkinu, í tölvupósti og spjallrásum, og á Fésbók.

### 5.3 Málsnið og framsetning

Það er ákaflega erfitt að gefa nákvæmar leiðbeiningar um málsnið og málfar; menn verða að hafa tilfinningu fyrir því hvað á við hverju sinni. Þótt menn telji sig ekki hafa slíka tilfinningu er óþarfi að örvænta, því að hana er hægt að tileinka sér með lestri vandaðra ritsmíða. Það verður aldrei lögð of mikil áhersla á lestur, því að þannig síast inn í mann tilfinning fyrir því hvað eigi við. Hér má þó til leiðbeiningar drepa á fáein atriði.

Í upphafi er rétt að brýna fyrir mönnum að nota handbækur. Enginn er svo vel að sér eða hefur svo örugga máltilfinningu að hann geti ekki haft gagn af handbókum og orðabókum. Íslenskir stúdentar gera oft alltof lítið af því að fletta upp í slíkum ritum.

Í umræðu um málfar og málsnið ber svonefnt **stofnanamál** oft á góma. Þetta er málsnið sem menn þykjast helst finna á ýmsum gögnum frá opinberum stofnunum, s.s. skýrslum, álitargerðum o.þ.h. Ekki er auðvelt að negla nákvæmlega niður hvað við er átt, en þó virðist einkum fernt koma til álita.

Í fyrsta lagi nafnorðastíll; að nota nafnorð (oft leitt af sögn) og merkingarlitla sögn (t.d. *vera*) til að segja það sem eins væri hægt að segja með einni sögn. Þannig er talað um að *gera könnun* í stað þess að *kanna*, sagt að *fólksfjöldi aukist* í stað þess að *fólki fjölgi*, o.s.frv.

Í öðru lagi einkennist stofnanamál af stirðum eignarfallssamböndum. Þannig er talað um *breytt fyrirkomulag innheimtu virðisaukaskatts* í staðinn fyrir *breytt fyrirkomulag á innheimtu virðisaukaskatts*, *aukning tekna starfsmanna fyrirtækisins* í stað *aukning á tekjum starfsmanna fyrirtækisins* o.s.frv.

Í þriðja lagi eru langar og flóknar málsgreinar algengar í stofnanamáli. Dæmi: *En til að auðvelda stillingu og notkun talhólfs skal þess freistað hér á eftir að lýsa stillingarferlinu og þýða nokkur orð sem fram koma í enska textanum, sem byggður er inn í kerfið og gætu reynst torskilin.*

Í fjórða lagi er oft talað um stofnanamál þegar setningagerð óíslenskuleg. Slíkt stafar oft annaðhvort af því að um þýðingu er að ræða, eða höfundur textans er ekki vanur að orða hugsanir sínar, nema hvorttveggja sé.

Það er oft deilt á sérfræðinga í ýmsum greinum fyrir að tala eða skrifa vont og illskiljanlegt mál, og erlendum áhrifum oft kennt um. Hér þarf þó að athuga að þær fræðigreinar sem til umræðu eru eiga sér sjaldnast langa sögu á Íslandi; þar af leiðandi skortir alla hefð í sambandi við umtal um þær, og það tekur talsverðan tíma að skapa slíka hefð. Oft er þá um það að velja að nota erlend orð eða nýyrði, sem hljóta að verða almenningi framandi í fyrstu. Dæmi eins og *þessi gerð slembitölugjafa kallast línuleg samleifaraðferð* og *Þar má til viðbótar jaðarpersónuleikaröskun nefna geðklofagerðarpersónuleikaröskun* hljóta alltaf að liggja vel við höggi. Þau efni sem rætt er um eru líka oft svo flókin að borin von er að þau skiljist án einhverrar sérþekkingar.

Stundum er þessu tvennu blandað saman; ef fólk skilur ekki sérfræðingana skellir það skuldinni á málfar þeirra, þótt hin raunverulega ástæða sé kannski sú að umræðuefnið er þess eðlis að það krefst sérþekkingar. Sérfræðingarnir eiga sér þannig oft málsbætur, þótt ég efist ekki um að sitthvað megi oft betur fara í framsetningu þeirra.

Gæta þarf vel að lengd málsgreina. Langar málsgreinar verða oft flóknar og tor-skildar. Þar að auki eykst hætta á ýmiss konar villum mjög eftir því sem málsgreinar lengjast. Einnig þarf að huga vel að orðavali; sérfræðilegt orðaval torveldar iðulega skilning, en er oft óþarft. Það er nefnilega oft hægt að nota almenn orð sem allir þekkja í stað framandi fræðiorða, og rétt að gera það eftir því sem hægt er, a.m.k. ef textinn er ætlaður almenningi.

Þá er nauðsynlegt að hugsa textann á íslensku. Oft eru menn að þýða erlendan texta, eða skrifa með hliðsjón af erlendum texta, og þá er alltaf hætt við að setninga-gerð frumtextans skíni í gegn og útkoman verði óíslenskuleg. Við þessu má bregðast með því að velta vandlega fyrir sér hvernig venja sé að orða þetta á íslensku, og nota til þess handbækur (t.d. [Stóru orðabókina um íslenska málnotkun](#)).

Það er augljóst að sum orð fara illa í rituðum texta. Sígild dæmi um það eru *belja* og *rolla* í stað *kýr* og *ær*, en einnig mætti nefna alls kyns slettur og slanguryrði o.m.fl. Slík orð ýmist hafa þá á sér óvirðulegan blæ eða eru of gildishlaðin til að þau fari vel í fræðitexta a.m.k., nema hvorttveggja sé. Önnur eru of hversdagsleg eða talmálsleg; í rituðu máli væri t.d. frekar notað *faðir hennar* og *móðir hans* en *pabbi hennar* og *mamma hans*. Hér má einnig telja ýmiss konar styttingar sem enda á -ó, eins og *strætó* (sem þó er líklega orðið nokkuð viðurkennt), *menntó*, *púkó* o.s.frv.

Í rituðu máli þykir líka æskilegt að forðast ýmis tökuorð og slettur þótt þau séu algeng í talmáli. Þannig þykir betra að tala um *myndband* en *vídeó*, *leiðsögumann* en *gæd*, og orðið *ókei* sést sjaldan á prenti. Enn fremur er andstaða við að nota íslensk orð í breyttri merkingu, þótt sú notkun sé algeng í talmáli. Orðið *dingla* merkir í máli margra, a.m.k. barna, ‘hringja bjöllu’ (dyrabjöllu, bjöllu í strætó o.s.frv.), en það þykir ekki gott í rituðu máli. Þá má nefna að orðið *allavega* getur í máli margra merkt ‘að minnsta kosti’ eða þ.u.l., en við þeirri merkingu er oft amast.

Hér áður fyrr þótti ekki gott að nota orðið *maður* sem e.k. óákveðið fornafn. Þannig segir t.d. í *Íslenskri setningafræði* Jakobs Jóh. Smára frá 1920: „Allmjög tíðkast nú í ræðu og riti orðið *maður* sem óákv. forn. (í öllum föllum); er sú notkun af útl. uppruna (d. og þ. *man*), og er alröng.“ Margir amast enn við þessari notkun, en þó hefur hún öðlast nokkra viðurkenningu í seinni tíð. Það stafar ekki síst af því að upp er komin önnur villa hálfu verri; þ.e. sú að nota annarrar persónu fornafnið *þú* í sama tilgangi, þ.e. sem e.k. óákveðið fornafn. Sú notkun er komin úr ensku, og hana ber skilyrðislaust að forðast.

Eins og áður er nefnt er oft amast við því að hefja setningar á merkingarlausu *það*, í setningum eins og *Það komu margir gestir í veisluna, Það rignir mikið í Reykjavík*. Þannig segir Jakob Jóh. Smári t.d. í *Íslenskri setningafræði*: „Fallegast mál er að nota þetta aukafrumlag sem minst.“ Engin ástæða er þó til að forðast að láta setningar byrja á *það*, en vissulega má ekki ofnota slíka byrjun frekar en annað. En það fer oft vel á því að byrja málsgrein á ábendingarfornafni, eða setningarlið sem inniheldur ábendingarfornafn. Þetta ábendingarfornafn vísar þá til þess sem hefur helst verið til umræðu í undanfarandi málsgrein, og tengir þannig málsgreinarnar saman.



Ýmiss konar munur er á venjulegri orðaröð talmáls og ritmáls. Þannig er algengt að atviksorð standi á öðrum stöðum í setningum í talmáli en þau gera í ritmáli. Setningar eins og *Ég eiginlega held ...*, þar sem atviksorðið kemur milli frumlags og sagnar, eru algengar í talmáli en þessi röð á illa við í ritmáli. Í ritmáli er líka mjög algengt að setningar byrji á sögninni. Þetta er eitt helsta sérkennið á stíl Íslendingasagna, en er líka mjög algengt í sumum stíltegundum nútímamáls, einkum ýmiss konar sagnabáttum og rökfærslutextum; aftur á móti er þetta ákaflega sjaldgæft í talmáli. Þótt oft geti farið vel á þessu verður að gæta þess vandlega að ofnota ekki þetta stílbragð. Athugið líka að það á aldrei við í fyrstu málsgrein innan kafla eða efnisgreinar.

Mörgum finnst ekki fara vel á því að fræðileg ritgerð sé skrifuð í fyrstu persónu, eða höfundur komi þar beint fram. Þetta á auðvitað ekki síður við um blaðafréttir o.þ.h. Oft fer betur á því að nota ópersónulega framsetningu, t.d. þolmynd. Þannig gætuð þið sagt t.d. *Ekki verður séð að ...* í stað *Ég sé ekki að ...*. Þetta er þó smekksatriði, og engin ástæða er til að leggja blátt bann við fyrstu persónu.

Yfirleitt er rétt að forðast orðalag eins og *Mér finnst ...*, þótt það geti stöku sinnum átt rétt á sér. Ef að er gáð eru mjög margar staðhæfingar og niðurstöður í ritgerðum endanlega byggðar á persónulegu mati höfundar; hann vegur og metur þær röksemdir sem lagðar eru fram, og tekur á endanum afstöðu. Það er ástæðulaust að gera það með jafn huglægu orðalagi og *mér finnst*; það getur orðið til þess að veikja tiltrú lesenda á höfundu og niðurstöðum hans. Lesandinn á að vera fullfær um að meta hvenær höfundur er að greina frá óumdeilanlegum staðreyndum, og hvenær hann er að leggja eigið mat á eitthvert atriði.

## 5.4 Einstök málfarsatriði

Hér á eftir verður dregið á ýmis málfarsatriði sem þarf að hafa í huga; reynt er að taka fyrir atriði sem reynslan sýnir að menn flaska oft á. Þetta er þó að sjálfsögðu engin tæmandi upptalning, og dálítið tilviljanakennt hvað er nefnt og hvað ekki. Hér má vísa á ýmis hjálpargögn, t.d. *Handbók um íslensku*.

Eignarfall eintölu margra sterkra karlkynsorða er á reiki. Þar virðist megintilhneigingin vera sú að *-s*-ending komi í stað *-ar*-endingar. Sagt er *tugs* í stað *tugar*, *vegs* í stað *vegar* o.s.frv. Reyndar hafa ýmsar breytingar orðið frá fornu máli sem nú eru viðurkenndar. Í mannanöfnum er tilhneigingin þó þveröfug; þar kemur oft *-ar* í stað *-s*, t.d. *Ágústur* í stað *Ágústs*, *Þórhallar* í stað *Þórhalls* o.s.frv. Sumt af þessu er gamalt, eins og *Haraldar* og *Höskuldar*, og misjafnt hvað menn viðurkenna eða fella sig við. Í sumum tilvikum er beygingin misjöfn eftir merkingu. Orðið *vefur* er 'h allt í einu orðið mjög algengt vegna þess að það hefur fengið nýja merkingu. Það er frá fornu fari *vefjar* í eignarfalli eintölu, en líklega eru þeir fáir sem nota þá mynd og segja t.d. *notkun vefjarins hefur aukist*.

Í sterkum kvenkynsorðum með viðskeytinu *-ing* er eignarfall eintölu líka á reiki. Þessi orð hafa endað á *-ar* í eignarfalli, en nú er sterk tilhneiging til að láta þau fá *-u*

endingu; *til drottningu* í stað *til drottningar*, *vegna birtingu dómsins* o.s.frv. Þarna eru skýr áhrif frá hinum aukaföllunum, þolfalli og þágufalli, sem bæði enda á *-u*. Einnig gætir þessarar tilhneigingar í nokkrum kvenmannsnöfnum; *til Sigrúnu*, *Kristínu* o.s.frv.

Hin svonefnda „þágufallssýki“, þar sem notað er þágufall með ýmsum sögnum sem áður tóku nefnifall eða þolfall, er mjög útbreidd. Þótt skiptar skoðanir séu um það hvort eigi að fordæma hana er yfirleitt talið að hún eigi ekki við í vönduðu málsniði. Þannig á að skrifa *mig vantar* og *mig langar* en ekki *mér vantar* og *mér langar*; það á að skrifa *ég hlakka til* og *ég kvíði fyrir* en ekki *mér hlakkar til* og *mér kvíðir fyrir*, o.s.frv. Það er auðvitað búið að hamra á þessu í skólakerfinu og annars staðar áratugum saman, með misjöfnum árangri. Oft sér maður dæmi um að fólk hefur persónufornöfn, einkum fyrstu og annarrar persónu, í þolfalli, en önnur orð í þágufalli. Nýlega birtist t.d. auglýsing þar sem stóð *vantar þig og þínu fólki* þetta og þetta. Skylt þessu er það að stundum er notað nefnifall í stað þágufalls, og sagt *báturinn rak að landi* í stað *bátinn rak að landi*, og *reykurinn leggur upp* í stað *reykinn leggur upp*.

Mjög algengt er að eitthvað skorti á sambeygingu orða innan setningar; t.d. að lýsingarorð standi ekki í sama kyni, tölu og falli og nafnorðið sem það á við. Oft er þetta vegna þess að árekstur er milli forms nafnorðsins og merkingar þess. Þannig er orðið *krakki* karlkyns, en vísar oftast til barna af báðum kynjum, og þess vegna er algengt að með því standi lýsingarorð í hvorugkyni. Orðið *foreldrar* er líka karlkyns, og samkvæmt því á að segja *foreldrar mínir eru góðir* en ekki *góð*. Það er þó varla hægt að fylgja þessu út í æsar; tæpast treysta margir sér til að segja *foreldrar mínir eru skildir* (af so. *skilja*).

Oft heyrir *hún varð var við* og *hér verður gert grein fyrir*; þar á lo. *var* að samræmast *hún* standa í kvenkyni, og lh. *gert* að samræmast *grein* og standa í kvenkyni líka; *hún varð vör við* og *hér verður gerð grein fyrir*.

Iðulega stendur sögn í fleirtölu þar sem frumlagið er merkingarlega fleirtala þótt það sé formlega í eintölu. Þetta kemur fram í dæmum eins og *fjöldi fólks komu á fundinn* og *meirihluti stjórnarmanna samþykktu tillöguna*, þar sem orðin *fjöldi* og *meirihluti* eru í eintölu og eiga að ráða formi sagnarinnar. Því á þarna að vera *fjöldi fólks kom á fundinn* og *meirihluti stjórnarmanna samþykkti tillöguna*.

Hættan á hvers kyns ósamræmi eykst eftir því sem málsgreinar verða lengri og flóknari. Í *Áður frestuðum hverfafundi með íbúum Túna, Holta, Norðurmýrar og Hlíða verður haldinn á Kjarvalsstöðum ætti frestuðum fundi* að vera *frestaður fundur* (*fundurinn verður haldinn*); í *Þau 600 tonn af síld sem hingað til hefur verið landað í Vestmannaeyjum hefur verið dælt gegnum þessa sugu ætti þau 600 tonn* að vera *þeim 600 tonnum* (*þeim 600 tonnum verður dælt*); og í *Tillagan sem ríkissáttasemjari bar fram í gær var hafnað í atkvæðagreiðslu ætti tillagan* að vera *tillögunni* (*tillögunni var hafnað*).

Algengt er að hvorugkynsmyndin *eitthvað* sé notuð hliðstæð (með nafnorði) þar sem ætti að vera *eitthvert*; *hún vinnur við eitthvað verkefni* ætti að vera *hún vinnur við eitthvert verkefni*. Hins vegar á að segja *hún vinnur við eitthvað skemmtilegt*. Tvíyrta

fornöfnin *hvor annan* og *sinn hvor* eru líka oft notuð öðruvísi en rétt þykir í vönduðu máli. Þannig er oft sagt *þeir töluðu við hvorn annan* en ætti að vera *þeir töluðu hvor við annan*; *hvor* á að sambeygjast frumlaginu (og standa á undan forsetningu ef um hana er að ræða). Einnig er oft notuð samsetningin *sitthvor*, t.d. *þau eiga sitthvorn bílinn*, þar sem ætti að vera *þau eiga sinn bílinn hvort* eða *þau eiga hvort sinn bílinn*. Þá er fornafnið *báðir* oft notað með fleirtöluorðum eins og *bæði samtökin styðja tillöguna*, þar sem ætti að nota fornafnið *hvortveggi* og segja *hvortveggja samtökin styðja tillöguna*.

Stundum er notuð germynd sagna þar sem eðlilegra væri að nota þolmynd eða miðmynd. Oft er sagt órókrétt að segja *verslunin opnar klukkan 10*, vegna þess að verslunin sé ekki gerandi; heldur eigi að nota þolmynd og segja *verslunin verður opnuð klukkan 10*. Sömuleiðis þykir betra að nota miðmynd í dæmum eins og *Frásögnin byggist á traustum heimildum* og *Bílinn stöðvaðist fyrir framan aðalinnanganginn*, í stað þess að nota germynd og segja *Frásögnin byggir á traustum heimildum* og *Bílinn stöðvaði fyrir framan aðalinnanganginn*.

## 5.5 Erlend áhrif í þýðingum

Þegar þýtt er af erlendu máli á íslensku er alltaf hætt á að erlenda málið síist inn í þýðinguna – þýðandinn noti óafvitandi orð, orðasambönd og setningagerðir sem draga dóm af frumtextanum en eru ekki eðlileg íslenska. Hér á eftir verða tekin nokkur dæmi um það sem helst er að varast í þessu. Flest eru þau tekin úr *Handbók um þýðingar* eftir Heimi Pálsson og Höskuld Þráinsson.

Í öllum málum er til aragrúi hvers kyns líkinga, þar sem orð eru notuð í einhvers konar óeiginlegri eða afleiddri merkingu. Í íslensku er t.d. talað um *öxl* á fjalli, orðið *þröskuldur* er notað í merkingunni ‘hindrun’, *þorskur* merkir oft ‘heimskingi’, og svo mætti lengi telja. Slíkar líkingar eru oftast bundnar einstökum tungumálum, þótt sumar þeirra séu að vísu sameiginlegar mörgum málum.

Hér verður að gæta þess vel að nota ekki líkingar sem ekki eru til eða ekki eiga við í málinu sem þýtt er á. Þótt sagt sé á dönsku *på tærskelen til det nye år* er ekki hægt að segja *á þröskuldi nýja ársins* á íslensku, heldur verður að segja *við upphaf nýs árs* eða eitthvað slíkt. Á þýsku er sagt *Das Haus stand am Fuß des Berges*, en á íslensku er ekki talað um *fót fjallsins*, heldur *rætur fjallsins* eða *fjallsræturnar*. Þótt *ch cken* geti merkt ‘heigull’ á ensku hefur orðið *kjúklingur* á íslensku ekki þá merkingu, þannig að þar verður að breyta textanum. Í þessum dæmum missir orðrétt þýðing algerlega marks.

Þegar verið er að þýða ýmiss konar orðtök kemur orðrétt þýðing ekki heldur til greina. Orðtök hafa nefnilega ákveðna merkingu í heild sinni – merkingu sem ekki verður ráðin af merkingu einstakra orða. Orðasambandið *Jón hefur ýmislegt til brunns að bera* hefur þannig ekkert með *brunn* að gera.

Ef orðtök eru þýdd orð fyrir orð leiðir það því annaðhvort til rangrar merkingar eða algerrar merkingarleysu. Því þarf þýðandi að gæta sín mjög vel ef hann hefur

minnsta grun um að eitthvert orðasamband þurfi ekki að taka bókstaflega, heldur geti þar verið um að ræða orðtak sem þýða þarf í heild. Þar gildir sem oftast að fletta upp í orðabókum.

Í ensku er til orðtakið *He let the cat out of the bag*, sem orðrétt mætti þýða *Hann hleypti kettinum út úr pokanum*. En sú þýðing er fjarri raunverulegri merkingu orðtaksins; ‘hann ljóstraði upp leyndarmálinu’. Í sænsku er til orðtakið *Jag ger mig kat en på det*, sem mætti þýða *Ég gef mér köttinn á það*. Þetta orðtak merkir hins vegar ‘ég er viss um það’.

Í slíkum tilvikum er æskilegt að nota í þýðingunni eitthvert íslenskt orðtak sem samsvarar hinu erlenda merkingarlega, þótt orðin kunni að vera allt önnur. Ef það er ekki hægt verður að láta duga að þýða orðtakið merkingarlega.

Svipuðu máli gegnir um málshætti og orðtök. Málshættir eru fullkomnar setningar sem hafa oft að geyma einhverja lífsspeki eða almenn sannindi, en merking einstakra orða í þeim er sjaldnast bókstafleg. Því má yfirleitt ekki þýða þá orðrétt frekar en orðtökin. Vegna þess að notkun málshátta gegnir ákveðnu hlutverki og setur svip á textann er æskilegast að finna einhverja staðgengla í þýðingarmálinu; þýða málshátt með málshætti sem merkir það sama, enda þótt orðalagið sé gerólikt. Enska málsháttinn *Out of sight, out of mind* má því vel þýða með *Gleymt er þá gleypst er*, en síður með *Úr sjónmáli, úr huga*.

Hér kemur það oft til hjálpar að margir málshættir eru fjölþjóðlegir, og finnast í mörgum tungumálum. Það auðveldar þýðanda oft að finna staðgengla, en þá verður að gæta þess að láta ekki orðalag erlenda málsháttarins rugla sig í ríminu. Þótt hann hljómi kunnuglega, og við vitum að hann er líka til í íslensku, er óvíst að orðalagið sé alveg það sama. Þannig er til í dönsku málshátturinn *Æblet falder ikke langt fra stammen*. Þetta þekkjum við vitaskuld vel, og gætum auðveldlega lent í því að þýða hugsunarlaust *Eplið fellur ekki langt frá stofninum*. En þannig er málshátturinn ekki á íslensku, heldur *Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni*. *Eikin* er líklega komin hér inn vegna stuðlunar, þótt epli vaxi vitanlega ekki á eikum.

Áður var talað um einyrtar líkingar, sem nauðsynlegt er að gæta sín vel á; en líkingar eru einnig og ekki síður fleiryrtar. Slíkar líkingar eru ekki síður bundnar mál-samfélaginu, og því þarf að gæta þess vel að þýða þær ekki orðrétt, heldur koma merkingunni til skila. Þótt sagt sé á ensku *That argument has holes in it* og *Your argument won't hold water* er hæpið að segja á íslensku *Þessi röksemd er götött* eða *Röksemd þín heldur ekki vatni*. Sennilega myndi þetta þó skiljast; það er bara ekki venja að orða þetta svona á íslensku.

Á hinn bóginn er alls ekki óalgengt að slíkar líkingar flytjist milli mála, einmitt vegna þess að þær skiljast oft ef þær eru þýddar orðrétt. Stundum er þá amast við þeim í nýja málinu til að byrja með, en oft festa þær þar rætur og verða eðlilegur hluti málsins. Þannig er nú talað um það á íslensku að vera *í djúpum skít* með eitt og annað, sem komið er úr *deep shit* á ensku. Í dægurlagatexta sem var vinsæll fyrir fáum árum var talað um *brotin hjörtu* og *brotnar vonir*. Á ensku heitir þetta *broken hearts* og *broken promises*, en á íslensku var venja að tala um *brostin hjörtu*, ekki *brotin*, og

*svikin loforð, ekki brotin.* En áhrif enskunnar eru mjög sterk í ýmsum slíkum tilvikum.

Þótt mikilvægt sé að ná rétttri merkingu í þýðingu er það vitaskuld ekki nóg; einnig verður að huga að setningagerðinni. Reglur um orðaröð eru t.d. talsvert mismunandi eftir málum, og verður að gæta þess að virða íslenska orðaröð þótt orðaröð frumtextans kunni að vera önnur. Í ensku er t.d. hægt að láta persónufornafn koma á undan nafni sem það vísar til; í setningunni *When he opened the door, Mr. Smith saw Santa Claus* getur *he* vísað til *Mr. Smith*. Þetta er hins vegar ekki eðlilegt á íslensku. Í mörgum erlendum málum, t.d. dönsku og ensku, koma eignarfornöfn líka á undan nafnorði; *Han kunne ikke finde sine sko*. Í íslensku standa eignarfornöfn hins vegar venjulega á eftir nafnorðinu nema því aðeins að sérstök áhersla hvíli á þeim.

Sumar setningagerðir sem til eru í skyldum málum fyrirfinnast ekki í íslensku. Í ensku er t.d. algengt að byrja á lýsingarhætti nútíðar og segja *Looking for something to eat, he found a piece of cheese*. Í íslensku gengur ekki að segja *Leitandi að einhverju að borða fann hann ostbita*, heldur verður að umorða þetta og segja t.d. *Þegar hann var að leita sér að einhverju í svanginn fann hann ostbita* eða *Hann svipaðist um eftir einhverju ætilegu og fann ostbita*.

Í þýsku beygjast tilvísunarfornöfn í kynjum, tölum og föllum. Íslensk tilvísunarorð beygjast hins vegar ekki; og þegar þýsk tilvísunarfornöfn eru í eignarfalli, eins og í *Der Mann, dessen Frau gestern gestorben ist*, verður að umorða setninguna á einhvern hátt; t.d. *Maðurinn sem missti konuna sína í gær* eða *Maðurinn sem var giftur konunni sem dó í gær*.

Það er misjafnt eftir málum hvernig og hversu mikið ýmiss konar ópersónulegar setningar eru notaðar. Í ensku er annarrar persónu fornafrnið *you* oft notað ópersónulega, án sérstakrar vísunar til viðmælanda. Þá fer oft betur á því að nota *maður* í íslenskri þýðingu. Setningu eins og *When you wake up in the morning you feel like stinging in bed all day* má þá þýða sem *Þegar maður vaknar á morgnana langar mann mest til að liggja í rúminu allan daginn*.

Orðið *maður* í ópersónulegri notkun samsvarar stundum enska orðinu *one*, en í stað þess að þýða *one* á þann hátt er þó oft betra að nota frumlagslausar setningar, s.s. ópersónulega þolmynd; eða miðmynd. Setningu eins og *When one reaches the top of Belgjarfjall, one has a beautiful view over Lake Myvatn* má þá þýða sem *Þegar komið er á tind Belgjarfjalls opnast fagurt útsýni yfir Mývatn*.

Ýmiss konar reglur um frágang texta eru mismunandi eftir málum. Þannig eru t.d. stórir stafir mun meira notaðir í ensku og ýmsum öðrum málum en í íslensku. Í ensku eru stórir upphafsstafir í *Foreign Minister, West Bank, July* og *Saturday*, en í íslensku eru litlir stafir í *utanríkisráðherra, vesturbakkinn* (þ.e. vesturbakki árinna Jórdan), *júli* og *laugardagur*. Reglur um eitt orð og tvö eru líka talsvert mismunandi. Ýmis orð sem litið er á sem samsetningar í íslensku, og því skrifuð í einu lagi, eru t.d. höfð í tvennu lagi í ensku. Þannig er með *trash can, spring semester* og *university library*, þótt *ruslafata, vormisseri* og *háskólabókasafn* séu í einu orði. Þarna ber að varast að láta erlenda málið hafa áhrif á þýdda textann.

## 6. Útlit, frágangur og yfirlestur

### 6.1 Efnisgreinar og málgreinar

Þrískiptingin í inngang, meginmál og niðurlag á ekki bara við verkið í heild, heldur einnig einstaka kafla þess. Og þessi hugsun á raunar að stýra efnisskipan niður í smæstu efniseindir, efnisgreinarnar. Hver efnisgrein á að mynda ákveðna heild. Greinaskil á ekki að setja af handahófi eftir einhvern ákveðinn línufjölda, heldur eiga þau að marka einhver skil í efninu. Þó verður að gæta þess að hafa þau hvorki of oft né of sjaldan. Greinaskil með 2-3 lína millibili fara illa, enda ólíklegt að þau þjóni þá efninu; hæpið er að inngangur, meginmál og niðurlag rúmist í 2-3 línur. Ef hálf síða eða meira er orðin milli greinaskila þarf höfundur að hugsa sinn gang. Það bendir til að efnid sé ekki nógu hnitmiðað, og hætt við að lesandinn sé búinn að missa þráðinn. Greinaskil hafa öðrum þræði þann tilgang að gefa lesandanum færi á að staldra við og íhuga efnid; en þá má ekki líða of langt á milli þeirra. Heil blaðsíða án greinaskila er líka ákaflega óárennileg. Æskilegt er að efnisgreinar séu ekki styttri en 5 línur og ekki lengri en 15, en auðvitað eru undantekningar frá þessu.

Segja má að efnisgreinar séu minnstu sjálfstæðu einingar textans; þær eiga, ef vel á að vera, að hafa einhvers konar upphaf, miðju og endi, rétt eins og ritgerðin sjálf. Auðvitað verður að túlka þetta mjög rúmt, en eftir stendur að hver efnisgrein á að hverfast um eitt efnisatriði eða eina hugsun, sem er skýrt afmörkuð bæði frá undanfarandi og eftirfarandi texta; að öðrum kosti rís hún ekki undir nafni. Einhvern veginn þarf að leiða lesandann að hugsuninni, koma henni á framfæri, og ljúka umfjölluninni. Þetta tengist líka lengd efnisgreina; of stutt efnisgrein rúmar vart eina hugmynd, en of löng getur orðið þvælin. Það sýnir sig að fólk hefur yfirleitt nokkuð góða tilfinningu fyrir því hvernig eigi að skipta texta í efnisgreinar. Reynslan er sú að í stórum dráttum ber fólki saman í þessu, þótt auðvitað séu mýmörg frávik. Samræmið er a.m.k. alltof mikið til að hægt sé að segja að fólk setji greinaskil bara af handahófi.

Í *Handbók um ritun og frágang* er vikið að tengslum efnisgreina; hvernig eigi að láta textann renna eðlilega áfram, þannig að eitt leiði af öðru. Þar eru nefndar nokkrar aðferðir við slíka brúarsmið. Ein er sú að taka upp orð úr niðurlagi undanfarandi efnisgreinar og hefja þá næstu með því, eða þá með fornafni sem vísar til þess. Önnur leið er að nota tengiorð sem vísa með einhverjum hætti til undanfarandi texta, s.s. *samt sem áður, þess vegna, þó, þrátt fyrir þetta, því*, o.s.frv. Athugið að ekki er þar með sagt að þessi orð eða orðasambönd þurfi að standa alveg í upphafi efnisgreinarinnar. Þriðja aðferðin er sú að breyta um sjónarhorn og nota orð og orðasambönd sem gefa það til kynna, t.d. á hinn bóginn, eigi að síður, í öðru lagi, hins vegar o.s.frv. Ýmsar fleiri aðferðir eru til, og þær lærið þið smátt og smátt. Það má ekki heldur líta svo á að þau orð og orðasambönd sem hér hafa verið nefnd geti aðeins staðið á greinaskilum – því fer fjarri.

Hér hefur verið rætt um efnisgreinar og lengd þeirra; en einnig þarf að hyggja að málgreinum. Rétt er að hafa í huga að ekki er alltaf gerður munur á orðunum **málgrein** og **efnisgrein**. Stundum (t.d. í lagamáli) er fyrrnefnda orðið látið hafa

báðar merkingarnar, og **efnisgrein** er tiltölulega nýtt orð, sem búið hefur verið til í þeim tilgangi að losna við óþægindin sem þessi tvíræðni orðsins málsgrein getur skapað. En athugið að þessi hugtök tilheyra tveimur mismunandi sviðum málsins og eru skilgreind á ólíkan hátt. **Málsgrein** er formlegt hugtak, skilgreint út frá setningafræðilegum og formlegum þáttum. Málsgreinar eru yfirleitt afmarkaðar með punkti, en stundum spurningarmerki eða upphrópunarmerki. **Efnisgrein** er aftur á móti efnislegt eða merkingarlegt hugtak, skilgreint út frá efni textans og efnistöfum, þótt vissulega hafi efnisgreinar líka sína formlegu afmörkun, þ.e. greinaskilin.

Málsgreinar geta verið mismunandi langar, en þó verður að gæta þess að hafa þær hvorki alltof stuttar né alltof langar og flóknar. Of algengt er að fólk setji ekki málsgreinaskil á réttum stöðum. Í *Handbók um ritun og frágang* er talað um þrjár tegundir af vondum málsgreinum; í fyrsta lagi **runur**, sem eru „langar, illa hugsaðar og klaufalega myndaðar málsgreinar“, í öðru lagi **druslur**, sem eru „málsgreinar sem hafa ekki eðlilega framvindu miðað við upphafið“, og í þriðja lagi er talað um **kommusplæsing**, þegar „tvær ólíkar málsgreinar eru settar saman með kommu þar sem eðlilegra væri annaðhvort að setja punkt og hefja nýja málsgrein eða nota tengingu“.

Málsgrein sem er orðin margar línur hefur þá oftast að geyma fleiri en eina aðalsetningu og nokkrar aukasetningar, og sumar þeirra hafa aftur að geyma aukasetningar, og út úr þessu getur komið hið mesta torf. Slíkar runur er nauðsynlegt að slíta í sundur; oftast með punkti, en stundum getur semikomma gert sama gagn. Það verður þó auðvitað að gæta þess að hvor eða hver hluti um sig geti staðið sjálfstæður. Munið að í hverri málsgrein þarf að vera a.m.k. ein aðalsetning; aukasetning getur ekki borið uppi málsgrein. Hugsið vandlega að þessu, þegar þið lesið yfir texta ykkar; skoðið hverja málsgrein um sig og athugið hvort hún stenst að þessu leyti. Ég held að flestir hafi í sjálfu sér tilfinningu fyrir þessu, og þau brot sem maður sér á þessu – sem eru talsvert algeng – stafi af hroðvirkni í frágangi.

## 6.2 Notkun leturbreytinga og greinarmerkja

Í þessum kafla verður fjallað um ýmislegt sem varðar útlit og frágang prentaðs máls. Athugið að um margt af því eru ekki til fastar reglur, heldur gilda mismunandi ríkar venjur og hefðir. Það er t.d. er löng hefð fyrir því í prenti að hafa ekki punkt á eftir upplýsingum á titilblaði bóka og tímarita. Það á við um höfundarnafn, titil, forlag, útgáfuár og útgáfustað, ef hvert þessara atriða er haft sér í línu. Séu fleiri en eitt atriði saman í línu (t.d. útgefandi og útgáfustaður, eða útgáfustaður og útgáfuár) er stundum höfð komma eða strík þar á milli, en oft líka aðeins bil. Sama gildir um upplýsingar í upphafi einstakra greina í bókum og tímaritum, þ.e. nafn höfundar og titil greinar. Enn fremur er yfirleitt ekki hafður punktur á eftir kaflafyrirsögnum, hvort sem um er að ræða meginkafla eða undirkafla.

Í bókum og löngum ritgerðum eru meginkaflar oftast látnir byrja á nýrri síðu, og fyrirsögn þeirra oft miðjuð. Stundum eru allir meginkaflar látnir byrja á hægri síðu.

Það getur t.d. komið sér vel ef þeir mynda einhvers konar sjálfstæða heild sem jafnvel er tekin út úr ritinu og prentuð sér. Mörg tímarit hafa t.d. þá reglu að láta allar greinar hefjast á hægri síðu, enda fá höfundar þá sérprent af greinum sínum. Í tímaritsgreinum og styttri ritgerðum eru meginkaflar ekki látnir byrja á nýrri síðu nema þannig standi á; hins vegar er venjulega haft nokkurt bil (samsvarandi einni til tveimur auðum línunum) frá lokum næsta kafla á undan að nýrri kaflafyrirsögn. Það gildir bæði um meginkafla og undirkafla, en stundum er bilið meira á undan meginköflum en undirköflum. Oft er líka haft smábil (hálf til ein lína) frá kaflafyrirsögn að upphafi texta kaflans.

Áður hefur verið minnst á það að í prentuðum texta eru greinaskil, upphaf nýrrar efnisgreinar, nær alltaf táknuð með inndrætti fyrstu línu í efnisgreininni, sem svarar u.þ.b. tveimur stafbilum. Í tölvuprentuðum texta er aftur á móti mjög algengt að tákna greinaskil með auðri línu, og þá er oftast enginn inndráttur. Hvorttveggja er heimilt í ritgerðum, en gæta verður samræmis. Athugið að í prentuðum textum er fyrsta lína á eftir fyrirsögn oft ekki inndregin, þótt fyrsta lína efnisgreina sé það annars. Þetta er vegna þess að inndrátturinn er þarna óþarfur; hann táknar upphaf nýrrar efnisgreinar, en í upphafi kafla segir það sig sjálf að um nýja efnisgrein er að ræða. En menn geta líka haft þá reglu að byrja efnisgrein alltaf á inndrætti, og það er hreint smekksatriði hvorn háttinn menn hafa á. Fyrsta lína meginmáls á eftir inndreginni tilvitnun er oft inndregin, en þó ekki ef eðlilegt er að líta svo á að tilvitnunin komi inn í efnisgrein og myndi heild með því sem á undan henni er og því sem á eftir kemur.

Neðanmálgreinar eru venjulega hafðar með smærra lettri en meginmálið – oftast munar þar tveimur punktum. Númer neðanmálgreinar, þ.e. tilvísun í hana inni í meginmálinu, á að vera ofan línu (uppskrifað) og með smærra lettri en meginmál. Gætið þess að númerið komi á réttan stað; það á að vera á eftir punkti, kommu og öðrum greinarmerkjum. Ekki á að vera punktur á eftir númerinu, hvorki í meginmálinu né í neðanmálgreininni sjálfri.<sup>1</sup>

**Feitt letur** í texta er einkum notað í tvennum tilgangi. Í fyrsta lagi er það oft notað til **glöggvunar**; t.d. er hugtak, nafn o.s.frv. oft feitletrað þegar það er nefnt í fyrsta skipti, eða þegar það er skilgreint.

- Ef fyrirbærið **frumlag** er algilt – kemur fyrir í öllum mannlegum málum – hlýtur að verða að skilgreina það á algildan hátt, án þess að nota hugtök sem ekki eiga við öll mál (**nefnifall**, **samræmi** o.s.frv.).
- Í umræðu um það hvaða liðir séu frumlög og hverjir ekki hafa verið nýtt ýmis svokölluð **frumlagspróf**, sem byggjast einkum á því að setningum er umsnúið og breytt á ýmsa vegu, og athugað hvernig þær hegða sér við þær breytingar.
- Um svipað leyti setti Faarlund (1980) fram þá skoðun að hugtakið **frumlag** væri merkingarlaust í forn máli ef það væri bundið við nefnifallsliði.

---

<sup>1</sup> Nú á dögum sjá ritvinnslukerfi yfirleitt um form neðanmálgreina, þótt notandinn geti oftast breytt sniði þeirra ef hann vill.



Í öðru lagi er feitt letur oft notað til **áherslu**; þegar höfundur vill vekja athygli á einhverju (t.d. orðalagi í tilvitnun, og þá verður að geta leturbreytingarinnar innar hornklofa) eða leggja sérstaka áherslu á eitthvert orð, einhverja fullyrðingu, niðurstöðu o.s.frv.; sbr. [Auglýsingu um greinarmerkjasetningu](#).

- Þótt við finnum hliðstæðar setningar með aukafallsnafnliðum í fornu máli getum við ekki yfirfært greiningu nútímamáls á þær; það nægir ekki að sýna að aukafallsliðirnir **geti** hafa verið frumlög í fornu máli, heldur verður að sýna að þeir **hljóti** að hafa verið það.
- Ég tel mig nú hafa sýnt fram á að þau rök sem færð hafa verið **gegn** tilvist aukafallsfrumlaga í fornu máli standast ekki; og jafnframt má finna ýmis rök sem mæla **með** tilvist aukafallsfrumlaga að fornu. Athugið vel að ég er hér að halda því fram að **fyrirbærið** aukafallsfrumlög hafi verið til í fornu máli.

Rétt er þó að stilla slíkri áherslutáknun í hóf, því að hún missir marks ef hún er ofnotuð. Þar að auki fer mikil feitletrun illa í texta, og sumir vilja alls ekki nota feitt letur í þessum tilgangi, heldur nota skáletur í staðinn.

*Skáletur* í texta er notað á hvers kyns máldæmum, þ.e. setningum, orðum, orðhlutum og bókstöfum sem notuð eru sem dæmi eða eru viðfangsefni ritgerðarinnar.

- Þær sagnir sem taka tvo aukafallsnafnliði eru fáar, og fæstar þess eðlis að búast megi við vísun milli liðanna tveggja; sagnir eins og t.d. *dreyma* og *vanta*.
- Þannig þurfum við ekki að læra um hvert einstakt nafnorð að það fái endinguna *-um* í þgf. ft., því að það er almenn og undantekningarlaus regla í málinu.
- En æði margt af því sem þarna er sýnt hugsa ég að komi venjulegum málnotendum spáskt fyrir sjónir, s.s. að *elska* skuli samsett úr rótinni *el-* og viðskeyt-inu *-sk-*, eða *sími* úr rótinni *sí-* og viðskeytinu *-m-*, eða þá *afl* úr rótinni *af-* og viðskeytinu *-l*.

Einnig er skáletur notað á *titlum bóka og tímarita*, bæði í heimildaskrá og meginmáli.

- Það er reyndar meginkenning Jans Terje Faarlund í nýlegri bók, *Syntactic Change* (1990).
- Meginþáttur venjulegra orðabóka er merkingarskýring, og hún er auðvitað fyrirferðarmest í *Íslenskri orðabók*, en liggur utan umræðuefnis míns.
- Baldur Jónsson. 1984. Samsett nafnorð með samsetta liði. Fáeinar athuganir. *Festskrift til Einar Lundeby* 3. október 1984, bls. 158-174. Oslo.
- Höskuldur Þráinsson. 1979. *On Complementation in Icelandic*. Garland, New York.
- Platzack, Christer. 1985. Narrative Inversion in Old Icelandic. *Íslenskt mál* 7:127-144.

Sumir nota líka skáletur til *glöggvunar og áherslu* í stað feitleturs, eins og áður segir, sbr. [Auglýsingu um greinarmerkjasetningu](#).

Tilvitnunarkerki (gæsalappir) eru með mismunandi móti eftir málsvæðum, og í íslenskum texta á skilyrðislaust að nota „íslenskar gæsalappir“. Þær fremri eru neðst í línu og líta út svipað og 99; þær aftari eru efst í línu og líkjast 66. Gæsalappir af þessu tagi (hvort heldur eru enskar eða íslenskar) eru nefndar tvöfaldar, og gegna tvenns konar hlutverki. Annars vegar eru þær notaðar til að afmarka orðréttar tilvitnanir, styttri en u.þ.b. þrjár línur eða 25 orð.

- Á þetta bendir Höskuldur Þráinsson (1979:301), sem segir að setningar á við (13a) séu „among the better ones“ og tekur fram að sumir málhafar felli sig alls ekki við slíkar setningar.
- Þar að auki virtust Halldóri aukafallsnafnliðir ekki lúta alveg sömu lögmálum um orðaröð og nefnifallsfrumlög; „það virðist í fljótu bragði fátíðara í fornu máli en nú að „frumlagsígildi“ séu í frumlagssæti,“ segir hann (1994:47-48).
- Í *Íslenzkri málfræði* Björns Guðfinnssonar eru kenniföll sögð „[þ]au föll, sem mestu máli skiptir að kunna til þess að geta fallbeygt orð“.

Hins vegar eru gæsalappir notaðar til að afmarka orð og hugtök sem notuð eru óvenjulegri merkingu, einnig slettur o.fl.

- Í fyrsta lagi gæti hér verið um að ræða „head-final“ sagnlið.
- Auk þess eru dæmi um ýmsar tegundir „klofinna“ liða (sjá Faarlund 1990).
- Það er augljóst og alkunna að munur er á „virkri“ og „óvirkri“ málkunnáttu; við getum skilið fjölda orða og setninga sem við notum ekki sjálf.
- Áður var gert ráð fyrir því að í djúperð hefði nafnháttarsetningin sérstakt frumlag, sem síðan væri „eytt“ vegna samvísunar við frumlag eða andlag móðursetningarinnar.

Einnig eru til ‘einfaldar gæsalappir’. Þær líkjast 6 að framan og 9 að aftan, hvorttveggja efst í línu. Slíkar gæsalappir hafa tvenns konar hlutverk. Í fyrsta lagi afmarka þær merkingu orða, setninga og hugtaka:

- Það er þess vegna hæpið að halda því fram að *nema* merki nokkurn tíma nákvæmlega ‘ef ekki’, eins og (11) sýnir:
- Þannig er t.d. gefin sögnin *fatra* ÓP, í merkingunni ‘fata, skjátlast’.

Í öðru lagi eru þær notaðar til að afmarka einstök stafsetningartákn; þegar fjallað er um einstaka bókstafi.

- Nöfnin *Svavar* og *Svava* má einnig skrifa með ‘f’ í stað ‘v’, þ.e. *Svafar* og *Svafa*.

### 6.3 Handrita- og prófarkalestur

Allir sem vinna eitthvað með íslenskan texta, hvort heldur er samningu, yfirlestur eða annað, þurfa að kunna nokkur skil á handrita- og prófarkalestri og þeim vinnubrögðum sem þar eru tíðkuð. Áður en lengra er haldið er rétt að skýra muninn á

Þessu tvennu. Þegar talað er um handritalestur er átt við lestur texta áður en hann fer til prentsmiðju. Textinn getur verið nokkurn veginn fullbúinn frá hendi höfundar, en einnig getur verið um að ræða meira eða minna hrátt uppkast. Verkefni handritalesarans er þá að gera hvers kyns athugasemdir við efni, efnismeðferð, byggingu, stíl, málfar og stafsetningu textans; hvaða atriði lögð er megináhersla á fer að nokkru leyti eftir því hversu langt textinn er kominn.

Prófarkalestur fer aftur á móti fram þegar texti er fullbúinn og á leið í prentsmiðju, eða kominn frá prentsmiðju í fyrstu eða annarri gerð. Verkefni prófarkalesarans er fyrst og fremst að leiðrétta stafsetningu og prentvillur, svo og lagfæra uppsetningu (t.d. umbrot og línuskiptingar) og beinar málvillur. Aftur á móti er yfirleitt ekki ætlast til að prófarkalesarar leggist yfir málfar og stíl texta, eða önnur atriði sem handritalesurum er ætlað að sinna.

Handritalesarar þurfa að vera ýmsum kostum búnir. Þeir þurfa að eiga auðvelt með að fá yfirsýn yfir texta, og geta greint hvort brotalamir eru á byggingu hans. Þeir þurfa að hafa góða máltilfinningu til að koma auga á það sem betur má fara í málnotkun og geta gert tillögur um endurbætur. Þeir þurfa að vera skarpskyggnir og vandvirkir til að taka eftir ósamræmi, göllum í röksemdafærslu, efnislegum villum, ritvillum og hvers kyns ágöllum á textanum. Þetta eru hæfileikar sem menn öðlast ekki nema með langri þjálfun í að lesa góða texta og skoða þá vandlega; reyna að gera sér grein fyrir því hvað gerir þá góða, og greinir þá frá vondum textum.

Prófarkalesarar þurfa að búa yfir ýmsum sömu kostum. Meginverkefni þeirra er þó að leiðrétta uppsetningu og stafsetningu, eins og áður segir, og því skiptir nákvæmni í vinnubrögðum að sumu leyti meira máli þar en í handritalestrinum. Til eru þeir sem eru góðir handritalesarar vegna þess að þeir eiga auðvelt með að greina veilur í uppbyggingu og röksemdafærslu texta, en hins vegar afleitir prófarkalesarar, því að þeir koma ekki auga á rangt rituð orð. Á sama hátt þekkja sumir prentvillur á löngu færi og eru því afbragðs prófarkalesarar, en eiga hins vegar erfitt með að sjá texta í samhengi og duga því ekki sem handritalesarar.

Kennari sem fer yfir ritgerðir nemenda er í raun bæði handrita- og prófarkalesari. Hann þarf að leggja mat á byggingu, efnismeðferð og röksemdafærslu, en hann þarf líka að lesa ritgerðina vandlega með tilliti til málfars og stafsetningar. Ef kennari les uppkast að ritgerð áður en hann fær endanlega gerð er fyrri lesturinn aðallega handritalestur, en sá síðari prófarkalestur. Og vissulega eru ekki alltaf skörp skil þar á milli. Það á t.d. við ef handritalestur hefur ekki verið nógu vandaður; þá kann prófarkalesarinn að þurfa að sinna ýmsum atriðum sem ættu að vera komin í lag.

Prófarkalestur er meira vandaverk en margir halda. Það er mikið nákvæmnisverk að fylgjast með því að engar prentvillur slædist inn í texta. Við erum von að lesa orð sem við þekkjum í heild, en ekki einstaka bókstafi; en í prófarkalestri er nauðsynlegt að lesa orðin vandlega, skoða hvern einasta staf. Einnig þarf að gæta vel að greinarmerkjum; hvort þau eru rétt notuð, hvort afstaða þeirra innbyrðis er rétt, o.s.frv. Þá þarf að hyggja að skiptingu orða milli lína; hún er oft röng í texta úr

ritvinnslukerfum eða setningartölvum. Einnig þarf að athuga hvort bil milli lína er jafnt og letrið hið sama í öllum textanum.

En fleira þarf að athuga; prófarkalestur snýst ekki síður um það að gæta að innbyrðis samræmi í textanum. Þetta samræmi tekur til ýmissa atriða. Það þarf að gæta samræmis í fyrirsögnum, í neðanmálgreinum, í síðuhausum, í dæmum og töflum, o.s.frv. Það fer illa á því ef t.d. fyrirsögn fyrsta kafla er með arabískum 1 og feitu 14 punkta Times New Roman, en fyrirsögn annars kafla er með rómverskum II og skáletruðu 12 punkta Arial. Slíkt er þó of algengt.

Við slíka samræmingu er nauðsynlegt að fara margar umferðir yfir textann og taka eitt atriði fyrir í einu. Það gengur ekki að ætla sér að huga að þessu öllu í einni yfirferð, hversu mikið sem maður vandar sig. Nauðsynlegt er að lesa textann allan vandlega yfir; meginmál, fyrirsagnir, neðanmálgreinar, dæmi o.s.frv., og leiðréttastafsetningarvillur, prentvillur og aðrar villur. Síðan þarf að fletta textanum einu sinni til að fara yfir fyrirsagnir, aftur til að líta á síðuhausa, enn einu sinni til að skoða neðanmálgreinar o.s.frv. Það þarf ekki að taka langan tíma að fletta í gegnum textann fyrir hvert atriði, og sá tími skilar sér.

Meðal þess sem gæta þarf vel að eru kaflafyrirsagnir. Þær byrja stundum við vinstri spássíu en eru líka oft miðjaðar; allar fyrirsagnir af sömu tegund þurfa auðvitað að hafa sömu stöðu á síðu. Leturgerð og leturstærð í fyrirsögnum af sama tagi þarf líka að vera sú sama. Þetta á bæði við fontinn og eins við það hvort notað er skáletur, feitt letur o.s.frv. Þá þarf að huga að tölusetningu kafla; ótækt er að blanda saman rómverskum og arabískum tölum í köflum á sama sviði. Tölusetningin þarf auðvitað líka að vera rétt; þess þarf að gæta að ekkert númer vanti eða sé tvítekið. Einnig þarf að athuga hvort jafnmikið bil sé alltaf milli næsta kafla á undan og fyrirsagnar, og jafnmikið bil frá fyrirsögn niður að meginmáli kaflans.

Í bókum og tímaritum eru oft svokallaðir síðuhausar, þ.e. texti efst á hverri síðu, ofan meginmáls. Venjulega er ekki sami textinn á vinstri og hægri síðu, og ákveðnar reglur gilda um hvað þar er. Í vinstri haus er oft nafn höfundar eða titill aðalkafla, en í hægri haus er oft titill bókar eða undirkafla. Þetta er að vísu nokkuð mismunandi, en meginreglan er sú að hægri hausinn er „þrengri“ í einhverjum skilningi en sá vinstri. Gæta þarf þess vel að hausar séu réttir og víxlist ekki; einnig þarf að huga að því að haus breytist þar sem við á, t.d. þegar nýr kafli tekur við.

Að mörgu þarf að huga í sambandi við neðanmálgreinar. Form tilvísunar í greinina inni í textanum getur verið mismunandi. Oftast eru notaðir tölustafir, en stundum einnig tákni, einkum stjörnur. Þess þarf að gæta að samræmi sé í táknum, t.d. hvort númerið er alltaf með sama letri, hvort það er alltaf uppskrifað, hvort það er í sviga eða ekki, o.s.frv. Einnig þarf að gæta þess að tölusetningin sé rétt, og að neðanmálgreinar lendi á réttum síðum. Inni í greinunum sjálfum þarf að gæta að tölusetningu, letri og línubili; einnig fjarlægð milli meginmáls og neðanmálgreina o.fl.

Mjög margt þarf að athuga í sambandi við dæmi og töflur. Þar má nefna leturgerð og leturstærð, og bil milli dæma og taflna annars vegar og meginmáls hins vegar.

Einnig þarf að gæta að tölusetningu dæma og taflna; að þetta komi í réttri röð, ekkert vanti í og ekkert sé tvítekið. Ef tvö eða fleiri sambærileg dæmi eða sambærilegar töflur eru í verkinu þarf að gæta þess að uppsetning sé eins hliðstæð og kostur er.

Sérstök tákni eru notuð við prófarkalestur og má skipta þeim í fjóra flokka. Í fyrsta lagi eru **staðsetningartákni**, sem sett eru þar sem eitthvað þarf að leiðrétta eða breyta. Sama tákni er svo endurtekið á spássíu ásamt ábendingu um hverju skuli breyta. Ekki skiptir máli hvort hægri eða vinstri spássía er notuð til að færa leiðréttingar á; það getur farið eftir því hvar í línu leiðréttingin er, og eftir því hvoru megin er laust pláss. Ef breyta skal leturgerð er strikað undir textann sem breyta á, strik sett út á spássíu og þar á eftir tilgreint innan hrings hvernig breyta skuli. Algeng staðsetningartákni eru t.d.:

IL E Γ F P O ± H I P H O H

Í öðru lagi eru **athafnartákni**, sem eru sett á spássíu á eftir staðsetningartáknum, og segja hvað gera skal; og **staðsetningar- og athafnartákni**, sem bæði merkja staðinn þar sem breyta þarf og segja hvernig skuli breyta því. Þau eru sett inn í textann þar sem við á og endurtekin út á spássíu. Helstu tákni af þessum flokkum eru:

<i>dl</i>	fellið brott
⋈	aukið bil
○	minnkið bil
○	setjið í eitt orð
∨	aukið línubil
∩	minnkið línubil
┌	ný lína eða ný málsgrein
└	ekki ný lína/ný málsgrein
↵	látið orð skipta um sæti
⊙	flytjið það sem er inni í hringnum þangað sem örin vísar
52134	breytið orðaröð samkvæmt töluröð

Að lokum eru svo **afturköllunartákni**, sem notuð eru ef leiðrétting er röng. Þá er strikað undir texta með punktalínu og strikað yfir fyrirmæli á spássíu.

Nauðsynlegt er að þekkja prófarkalesturtákni vel; geta lesið úr þeim og notað þau. Tákni eru vissulega mismikið notuð og misnauðsynleg, og fæstir nota þau líklega alveg á sama hátt; hver prófarkalesari kemur sér upp sínu kerfi að einhverju leyti. Samt sem áður er auðvitað nauðsynlegt að merking þeirra tákna sem menn nota sé alveg skýr. Það má ekki gleyma því að einhverjir aðrir þurfa að taka við leiðréttingunum og lesa úr þeim, og það verður þá að vera alveg ótvírætt hvernig á að gera það.

Athugið að staðsetningartákni hafa öll sömu merkingu eða sama tilgang; sem sé þann einan að merkja staðinn þar sem breytingar eða leiðréttingar er þörf. Það skiptir því engu máli hvert tákni er notað hverju sinni. Ástæðan fyrir því að tákni eru

fleiri en eitt er sú að með því móti má koma í veg fyrir rugling. Oft er það svo að fleiri en eina breytingu þarf að gera í sömu línu. Ef margar breytingar væru merktar á sama hátt, og sama táknið endurtekið mörgum sinnum úti á spássíu, yrði erfitt að komast hjá ruglingi; hvaða leiðrétting ætti við hvaða stað í textanum? Þess vegna er eitt táknið notað fyrir eina breytingu, annað við þá næstu í sömu línu, o.s.frv. Góð regla er að endurnýta ekki sama táknið fyrr en í þarnæstu línu.

Hér á eftir má sjá dæmi um meginhluta þeirra tákna sem notuð eru við prófarkalestur.

Íslendingar ~~þafa~~ þafa ~~þér~~ þér sett það mark L að varveita tungu sína og efla Hha Lr Lll Tð  
hana. L Með varðveislu íslenskrar tungu er átt við L halda órófnu L ( ) Tð Pt b ad  
sambheng L máli frá kfnslóð til kfnslóðar, einkum að gjæta þaf að Li i TTy dda He  
ekki fari forgörðum þau te Lngsl L sem verið hafa og eru enn L milli Lll d  
lifandi máls og bókmenta allt frá upphafi rit Laldar ~~þeð~~ eflingu tung L Lr Tð Tð H. P  
gunnar er einkum átt við að auðga orða Lforðan ~~þeð~~ svo að ávallt ver L Lll Tm Tð H s  
unt að tala Lög skrifa L íslensku um L hvað sem er, ennfremur L Lr Tð H s  
að treysta kunnáttu í með Lferð tungunnar og styrkja trú á gildi L Lt Tð  
hennar.

Sem fyr Lsefgir hefur íslenska þann höfuð Lkost L að vera mjög einle L Lt Tð H s  
mál Lftast er því alveg ljóst hver málvenjan er. L Málnotendur H. O L ( )  
eru L þaf sammála um það Lög málfræðingar L þafa Lfst venjunn Lfi í máll Lsing L H s L L Hha  
þum eða málf Lðibókum. Svonefndar málfræðiregl L eru í raun réttri L Lll Tr Hur Tð  
l Lsing á málvenjum L en ekki eit L hvað sem málfræðingar L fundið L hafa L Lj Tð Pt L  
upp L þær eru ætlaðar öllum sem vilja fræðast um málið af bókum L H. E  
en einnig þeim sem af ein L hverjum ástæðum þurfa á leiðbeiningum L Lh Tð  
að halda um það hver málvenjan er L þafa L reglur gildi í málinu. L H, hv

Að lokum er rétt að nefna að nú á dögum breytingar á texta, hvort heldur er handrita- eða prófarkalestur, meira og meira fram í tölvu í stað þess að vera gerðar á pappír. Í Word er þá t.d. farið í Yfirllestur og síðan valið Rekja breytingar. Þegar kemur að því að ganga frá endanlegri gerð getur höfundur þá skoðað tillögur yfirlsara og samþykkt þær eða hafnað þeim á einfaldan hátt. Eins getur yfirlsari smellt á Ný athugasemd og gert athugasemd út á spássíu sem höfundur tekur síðan afstöðu til. Hér verður þó ekki farið nánar út í þetta.